

# Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| Inngangur.....  | 1         |
| <b>I hluti - Fræðileg umfjöllun - Hvað er klám? .....</b>               | <b>3</b>  |
| Lagabókstafurinn .....  | 4         |
| Karlmennt og klám .....   | 6         |
| Fórnarlömb kláms.....   | 10        |
| Dæmisögur .....   | 12        |
| Áhrif á sambönd .....   | 15        |
| Netvæðing klámsins/ Klámvæðing netsins .....                            | 16        |
| Angar klámvæðingar.....   | 17        |
| Unglingar í klámvæddum heimi .....                                      | 19        |
| Fræðsla .....   | 21        |
| <b>II hluti - Rannsókn - Viðhorf íslenskra ungmenna til kláms .....</b> | <b>24</b> |
| Aðferðafræði rannsókna .....  | 24        |
| Eigindleg rannsókn .....  | 24        |
| Undirbúningur, framkvæmd og val á þátttakendum.....                     | 26        |
| Söfnun, skráning og vinnsla gagna.....                                  | 27        |
| Skilgreiningar unglinga á klámi.....                                    | 28        |
| Klámvæðingin - fjölmiðlar, auglýsingar, netið, almennarýmið .....       | 36        |
| Hverjir fyrir hverja? - Neytendur, leikendur, framleiðendur .....       | 43        |
| Áhrif kláms og afleiðingar .....  | 51        |
| Fræðsla .....   | 58        |
| <b>Samantekt og umræður .....</b>                                       | <b>60</b> |
| Skilgreiningar og viðhorf til kláms .....                               | 60        |
| Í klámvæddum heimi .....  | 63        |
| Hverjir fyrir hverja? .....   | 63        |
| Áhrif og afleiðingar .....  | 64        |
| Fræðsla.....  | 67        |
| <b>Heimildaskrá.....</b>  | <b>70</b> |

## Inngangur

Töluverð umræða hefur átt sér stað hér á landi sem og erlendis um aukningu og áhrif kynlífs- og klámvæðingar. Með aukinni og almennri tölvuvæðingu hefur klámefni orðið mun aðgengilegra og þá einnig fyrir börn og unglunga. Ætla má að sú kynslóð sem nú vex úr grasi hafi séð mun meira og grófara klám heldur en nokkur kynslóð sem á undan hefur farið. Klám inniheldur sterkar staðalímyndir um hefðbundin kynjahlutverk þar sem konur eru oftast sýndar þjóna kynlífskröfum karla af mikilli innlifun og því hafa femínistar gagnrýnt klám fyrir að ganga gegn jafnrétti kynjanna og hafa áhyggjur af því að aukin klámvæðing grafi undan getu ungra stúlkna til að setja mörk í samskipum sínum við stráka og karla.

Einnig hefur mikið verið rætt um áhrif klámvæðingarinnar á ungt fólk og hefur Norræna ráðherranefndin nýlega sett málið á oddinn í stefnu sinni um áherslur í rannsóknum er varða málefni kynjanna. Nýlega fór fram á öllum Norðurlöndunum rannsókn á ungu fólki og klámi, en Dr. Guðbjörg Hildur Kolbeins annaðist meginlega rannsókn hér á landi, í formi spurningalista. Óbirtar niðurstöður Guðbjargar Hildar benda meðal annars til að töluverður munur sé á „klámneyslu“ kynjanna, hvað þau hafa séð og reynt. Einnig benda niðurstöður til þess að viðhorf drengja til kláms séu mun jákvæðari en stúlkna. Aftur á móti liggja engar íslenskar rannsóknir fyrir um upplifanir og túlkanir ungs fólks sjálfs á klámi og svokallaðri klámvæðingu þó svo að töluverð umræða hafi átt sér stað í samfélaginu um áhrif kláms á ungt fólk. Nýsköpunargildi verkefnisins sem hér um ræðir felst í að afla þekkingar á upplifunum og túlkun unglunga á klámi: hvort og hvernig stelpur og strákar upplifa klám í umhverfi sínu; hvernig þau tala um það; og hvað þeim finnst um það.

Markmið rannsóknarinnar er í meginatriðum eftirfarandi: Í fyrsta lagi að öðlast dýpri og margþættari skilning á því hvort og hvernig unglingar upplifa og túlka klám í sínu umhverfi; hvaða skoðanir þau hafa á því; og hvernig þau tjá sig um klám. Í öðru lagi að skoða hvort og hvernig stelpur og strákar upplifa og tjá sig um klám með ólíkum hætti. Markmið þessarar rannsóknar er jafnframt að efla umræðu og fræðslu um áhrif kláms á ungt fólk.

Þessari skýrslu er skipt upp í tvo meginhluta. Í fyrri hlutanum eru skoðuð fræðileg skrif og rannsóknir á klámi. Rætt verður um skilgreiningar á klámi og hvernig orðræðan í kringum klám hefur mótast í gegnum árin. Einnig verður farið yfir rannsóknir sem sýna fram á áhrif og afleiðingar kláms, þá með tilliti til klámvæðingar og tengsl kláms við ofbeldi. Netvæðing kláms og klámvæðing netsins verður skoðuð og farið verður yfir hvernig klámiðnaðurinn hefur þróast undanfarna áratugi og skoðað hvert þessi iðnaður stefnir. Markmiðið með þessari skýrslu er fyrst og fremst að varpa ljósi á upplifun unglunga af klámi og verður lögð áhersla á rannsóknir sem hafa tekið það fyrir.

Í seinni hluta skýrslunnar verður farið yfir aðferðafræði rannsóknarinnar og niðurstöður hennar. Farið verður yfir þau þemu sem koma fram við greiningu á þeim gögnum sem safnað var á meðan á rannsókninni stóð. Þar má helst nefna skilgreiningar unglunganna á klámi, klámvæðinguna, klámneytendur og klámframleiðendur, áhrif og afleiðingar kláms og mikilvægi fræðslu. Í lokaorðum skýrslunnar er að finna samantekt og samanburð á báðum hlutum skýrslunnar til þess að hægt sé að átta sig á tengingunni þar á milli.

Við viljum þakka öllum þeim sem komu að þessari rannsókn með einum eða öðrum hætti þá aðstoð sem þeir veittu okkur. Rannsóknina styrktu Nýsköpunarsjóður námsmanna, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og Kópavogsbær. Aðstoð við undirbúning veittu ÍTR, Vinnuskólar Reykjavíkur og Kópavogs og félagsmiðstöðvar í Kópavogi og Hafnarfirði. Einnig viljum við þakka veittan stuðning og aðstoð við úrvinnslu gagna þeim Hildi Fjólu Antonsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur, Guðbjörgu Hildi Kolbeins, Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, Þórði Kristinssyni og Arnari Gíslasyni. Að lokum viljum við þakka unglingunum fyrir að taka þátt í þessari rannsókn og það hversu tilbúin þau voru til að tjá sig opinskátt um þetta málefni.

## I hluti - Fræðileg umfjöllun - Hvað er klám?

Það mætti halda að það væri ekki erfitt að svara þessari spurningu. Það ætti ekki að vera erfitt að skilgreina fyrirbæri sem er jafn útbreitt og klám. Samt sem áður virðist vera erfitt að negla niður skilgreiningu sem allir eru sammála um. Í staðinn er að finna ótal skilgreininga, sem oft og tíðum tengjast því hvaða skoðun viðkomandi virðist hafa á klámi. Klám er ekki lengur jaðarfyrirbæri sem er vel falið í afskekktum hornum og skotum, heldur hefur staða þess breyst mikið undanfarna áratugi með tilkomu Netsins og er nú orðið mun útbreiddara en það var á árum áður. Klám er orðið hluti af nútíma dægurmenningu og er hægt að greina tilvísanir í það á ótrúlegustu sviðum menningunnar.

Í bók sinni *Pornified: How Pornography is Damaging Our Lives, Our Relationships, and Our Families* (2005) skoðar fjölmiðlakonan Pamela Paul hvernig klám og sú menning sem því fylgir hefur áhrif á líf fólks. Hún bendir á að klám er ekki lengur fyrirbæri sem geymt er í skúmaskotum og falið undir rúmdýnum. Þess í stað er klám og áhrifa þess að finna mjög víða í menningu okkar og að auki hefur innihald kláms orðið grófara með árunum. Það sem birtist á síðum tímarita eins og *Playboy* á 7. áratugnum, telst varla klám lengur. Í ljósi þess að innihald kláms hefur verið að breytast og þróast hefur skilgreiningin haldið áfram að vera í lausu lofti. Mörkin á því sem telst vera klám og hvað er álitid vera almennt kynlíf, verða sífellt óljósari. Paul bendir á að það hefur orðið mjög ríkjandi viðhorf að halda því fram að klám innihaldi einmitt almennt eða venjulegt kynlíf, og að klám sé mikilvægt innlegg í kynlífsfræðslu og umræðu. Hún bendir á að algengt er að meðmælendur kláms haldi því fram að klám sé náttúrulegt og mikilvægur hluti af kynveru og líffræðilegu eðli karlmannna. Karlmennt virðast samkvæmt slíkri orðræðu vera fæddir neytendur kláms. Paul bendir á að klámiðnaðurinn og meðmælendur kláms tengja mannlegt kynferði og kynþarfir við neyslu þess, og því er haldið fram að í klámi sé einungis að finna venjulegt kynlíf.

Diana Russell (1993) er ásamt mörgum feminstum á móti því að hafa þessi mörk á reiki. Hún leggur mikla áherslu á að greina á milli kláms (e. *pornography*) og erotikur (e. *erotica*). Með því að gera það er hún að undirstrika að hún er ekki að tala á móti kynlífi og nekt þegar hún gagnrýnir klám og innihald þess.

*I define pornography as material that combines sex and/or the exposure of genitals with abuse or degradation in a manner that appears to endorse, condone, or encourage such behavior ... Erotica refers to sexually suggestive or arousing material that is free of sexism, racism and homophobia, and respectful of all human beings and animals portrayed.*

Hún skilgreinir því klám sem efni sem inniheldur birtingu á kynlífi og/eða sýnir kynfæri með misnotkun eða niðurlægingu á þann hátt að það virðist samþykkja slíka hegðun eða hvetja til hennar. Aftur á móti gerir hún skýran greinarmun á klámi og erótík, hún skilgreinir erótík sem kynferðislegar tilvísanir eða örvandi efni sem er laust við kynjamismunun, kynþáttarfordóma eða fóbíu gagnvart samkynhneigðum og hefur virðingu fyrir öllum mannverum og dýrum sem þar eru sýnd. Með þessum skýra greinarmun er hún að segja að það sem mælir á móti klámi er sú ofbeldisfulla birtingarmynd kynlífs og niðurlæging kvenverunnar í þeim, en ekki kynferðislegt innihald eða djarfar myndir.

Samkvæmt nýlegri íslenskri meginlegri rannsókn þar sem unglingar eru látnir merkja við tilbúin svör við því hvað þeim finnst vera klám segja 92-95% unglinganna að klám sé kynmök þar sem kynfæri eru sýnileg og um 68-75% segja það vera nakið fólk sem snertir sjálf sig eða hvort annað. Um 44-45% segja þó að klám sé kynmök þar sem kynfæri sjást ekki (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006).

### Lagabókstafurinn

Á Íslandi er klám ólöglegt en þó er klám ekki skilgreint í lögum. Eins og sjá má í Almennu hegningarlögunum frá 1940 kafla XII gr. 210 varðar það fangelsi allt að sex mánuðum að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt. Það varðar enn fremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglunga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

En hver getur sagt til um hvort myndin sé í raun klámmynd þegar engin lagaleg skilgreining á klámi eða klámmynd er til hér á landi? Erfitt er að framfylgja slíkum lögum því þau eru loðin og næstum óframkvæmanleg á meðan skilgreining á klámi liggur ekki fyrir. Nauðsynlegt er því að skilgreina hvað fellur undir klámfengið efni

og hvað ekki, bæði fyrir innflytjendur og dreifingaraðila slíks efnis og fyrir hinn almenna borgara sem það kaupir, sem og fyrir dómstóla til að geta framfylgt lögnum og dæmt í slíkum málum.

Í skýrslu dómsmálaráðuneytisins frá árinu 2002 kemur fram að í þremur dómum hafði Hæstiréttur stuðst við skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á klámi frá 1986 þar sem gerður er greinarmunur á klámi og erótík þannig að klám er ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar en kynþokkalist eða erótík er bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar. Á þeim tíma komst dómurinn að því að myndbönd með misgrófu klámefni innihéldu öll klám í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga en í þeim var lögð áhersla á að sýna kynfæri og kynmök og sjálfsfróun á ögrandi hátt. Að mati dómsins hafði framleiðsla myndbandanna ekki listrænan eða fagurfræðilegan tilgang heldur væru þau einungis gerð í hagnaðarskyni (Sigríður Ingvarsdóttir, Bragi Guðbrandsson, Erna Hauksdóttir, Karl Steinar Valsson, Lára Björnsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Þórólfur Þórlindsson, 2002).

Í Bandaríkjunum og víðast hvar um heiminn er ólöglegt að beita aðra manneskju ofbeldi og nauðgun er refsivert athæfi. Samt er upptaka, dreifing og sala á slíku efni þar sem jafnvel eru teknar upp alvöru nauðganir, varið með 1. grein stjórnarskrár Bandaríkjanna. Svo virðist sem tjáningarfrelsið sé þá orðið sterkara en löginn um að ekki megi brjóta á annarri manneskju og beita hana ofbeldi (Russell, 1993).

Ef löginn og dómstólar myndu nota skilgreiningar Russell hér að ofan til að styðjast við, þannig að efni sem sýnir kynlíf á niðurlægjandi og ofbeldishneigðan hátt væri aðgreint frá því sem sýnir kynlíf með virðingu og án niðurlægingar annars kynsins eða myndir af beru fólki væri mögulega auðveldara að framfylgja lögnum og væri þannig lagður grunnur að því að draga úr þeirri misnotkun og ofbeldi sem tíðkast í gerð klámefnis.

Í ljósi þess hversu aðgengilegt klám er orðið fyrir ungt fólk og hversu algengt ofbeldi er í klámi er því kannski enn meiri nauðsyn núna en nokkurn tíma áður að hafa skilgreiningu á klámi skýra í lagabókstafnum, þannig að koma megi betur í veg fyrir dreifingu skaðlegs kláms sem getur leitt til aukins ofbeldis og neikvæðra afleiðinga í

samfélaginu. Samfélagið í heild og foreldrar barna þurfa að velta því fyrir sér hvort æskilegt sé að ungmenni nútímans læri kynhegðun sína af klámefni sem sýnir kynjamismunun, kvenfyrirlitningu og ofbeldi í kynlífi á þann hátt sem gert er í stórum hluta klámefnis (Linz og Yang, 1990; Russell, 1993).

### **Karlmenn og klám**

Því er meðal annars haldið fram að karlmenn hafi líffræðilega þörf fyrir sjónræna örvun. Russell (1993) og Paul (2005) hafa meðal annarra reynt að hrekja ríkjandi hugmyndir um kynveru karlmanna. Hver eru rökin fyrir því að tengja kynveru karlmanna við klám? Paul bendir á að það eru engin afgerandi líffræðileg rök fyrir því að karlmenn séu þannig gerðir. Karlmönnum er kennt að þeir þurfi á slíkri örvun að halda og Paul telur það vera mikið hagsmunamál fyrir klámiðnaðinn að sannfæra alla um það, því auðvitað græða þeir meiri peninga á því. Hún bendir á að það virðist vera mjög áberandi og ríkjandi hugmynd að flest allir karlmenn horfi á klám.

Tölfræðin sýnir að stór hluti karlmanna hafi einhvern tíma skoðað klám. Um 70% ungra karlmanna á aldrinum 18-24 ára fara á klámsíður á netinu í hverjum mánuði. Þessir aldurshópur ungra manna er um fjórðungur allra þeirra sem heimsækja klámsíður á netinu, en næststærsti hópur neytenda kláms eru karlmenn á þrítugs- og fertugsaldri og eru 66% í þeim hópi sem eru reglulegir notendur kláms (Paul, 2005).

Það er erfitt að áætla hversu margir eru reglulegir neytendur kláms fyrir utan netið. Flestir karlmenn muna þegar þeir komust fyrst í kynni við klám. Paul lýsir því hvernig karlmenn komast flestir í kynni við klám á hápunkti kynþroskaárana. Margir upplifa þetta eins og einhvers konar vígsluathöfn (e. *rite of passage*) þar sem karlmenn komast í kynni við kynlíf og eitthvað sem tilheyrir heimi fullorðna. Lengi vel komust unglingspiltar í kynni við klám í gegnum frændur, eldri bræður og jafnvel feður sína. Fljótlega eru unglingsstrákar skilyrtir til að horfa á klám. Það er mjög algengt viðhorf að klám nýtist vel sem fræðsluefni um kynlíf, enda margir sem fá sín fyrstu kynni af kynlíf í gegnum klám. Paul vísar í rannsókn sem Kinsey stofnunin gerði þar kemur fram að 86% svarenda, bæði karlar og konur, töldu að klám hefði fræðslugildi og 68% voru þeirra skoðunar að klám gæti leitt til meiri víðsýni gagnvart kynlífi. Margir yngri karlmenn nota klám til þess að læra hvað

konur vilja í kynlífi. Það sem birtist í klámi er tekið sem lýsandi viðmið fyrir hvernig kynlíf á milli tveggja einstaklinga fer fram. Algengar hugmyndir eru til dæmis, að konur vilji kynlíf á öllum stundum, fleiri konur séu betri en ein og konur vilji yfirleitt það sem karlar vilja. Fyrir marga karla er samasem merki á milli kláms og kynlífs.

Af hverju horfa karlmenn á klám? Paul segir að þegar hún spurði viðmælendur sína af hverju þeir horfi á klám, þá var því yfirleitt svarað: „Er það ekki augljóst?“ Klám er notað til þess að fá kynferðislega útrás eða fullnægingu. Það kemur oft í staðinn fyrir kynlíf og mjög algengt er að það sé notað við sjálfsfróun. Þetta er eitthvað sem karlmenn gera og meðmælendur kláms halda því fram að þetta sé jákvætt og þjóni mikilvægu hlutverki í kynveru karlanna. Margir halda því fram að klám hafi engin áhrif á þá sem noti það. Klám sé einfaldlega skemmtiefni, fantasía, eitthvað sem karlmenn nota til þess að fróa sér við. Þegar því er lokið er hægt að skutla kláminu aftur til hliðar eða slökkva á tölvunni. Paul telur hins vegar slíkar fullyrðingar vera rökleysur. Líkt og í auglýsingaiðnaðinum, þá er markmiðið alltaf að hafa áhrif á neytendur. Klám er ekki bara framleitt með það í huga að skemmta, heldur einnig til að magna upp kynlífsreynslu og neyslu. Paul veltir fyrir sér hver tilgangurinn væri að framleiða efni eins og klám, ef áhrifin væru engin. Áhrif kláms eru ekki jákvæð og fræðandi eins og framleiðendur og meðmælendur kláms reyna að færa rök fyrir. Það er ekki svo einfalt að segja að klám hjálpi fólki að verða öruggt og sátt við kynveru sína (Paul, 2005).

Í kringum 1980 framkvæmdu Jennings Bryant og Dolf Zillmann við *University of Alabama* rannsókn þar sem skoðað var hvaða áhrif áhorf á klám hafði á kynveru einstaklinga. Paul bendir á að efnið sem fólk var látið horfa á var ekkert í líkingu við það efni sem er í dreifingu í dag. Þrátt fyrir það voru áhrif áhorfsins vel mælanleg. Um var að ræða áttatíu háskólastúdentu sem sem var skipt í fjóra hópa. Einn hópur var látinn horfa mikið á klámfengið efni, annar hópur minna magn, sá þriðji var ekki látinn horfa á neitt klámfengið efni og sá fjórði horfði á engar kvikmyndir. Eftir að þrjár vikur voru liðnar allir úr hópunum látnir gefa sitt mat á hversu algeng viss hegðun væri í kynlífi Bandaríkjamanna. Þeir sem höfðu horft á mikið klámfengið efni á tímabilinu voru allir þeirra skoðunar að allir væru kynferðislega virkir og tilraunakenndir (Paul, 2005).



Paul segir að flestir þeir karlmenn sem hún ræddi við héldu því fram að klám hefði engin áhrif á það hvernig þeir sjá konur í hversdagsleikanum. Því er frekar haldið fram að karlmenn sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af klámi eigi þegar við einhver vandamál að etja. Þeir fullyrða að þeir geri skýran greinarmun á því sem birtist í klámi og því sem gerist í raunveruleikanum. Paul bendir á að í Zillmann-Bryant rannsókninni voru þeir einstaklingar sem horfðu mest á klám í rannsókninni líklegri til að vilja ekki eignast dætur. Paul telur mikilvægt að skoða ekki bara áhrif grófs kláms (e. *hardcore pornography*), heldur einnig hvaða áhrif svokallað *ljósblátt* (e. *Softcore*) klám hefur á neytendur þess. Hún vitnar í yfirgripsmikið yfirlit rannsókna frá 1994 sem tók saman 81 rannsókn. Sjötíu prósent af þessum rannsóknum komust að þeirri niðurstöðu að klámefni án ofbeldis hafði greinilega neikvæð áhrif á neytendur þess. Gary Brooks orðar það þannig: „...softcore pornography has a very negative effect on men as well. The problem with softcore pornography is that it is voyeurism – it teaches men to view women as objects rather than to be in relationships with women as human beings“ (Paul, 2005).

Paul heldur áfram að vitna í Brooks sem hefur unnið við rannsóknir á klámi við *Texas A&M University*. Brooks segir að klám leiði til þess að karlmenn sem horfi á klám haldi að kynlíf og unaður séu fyrirbæri aðskilin frá samböndum. Klám er að hans mati sjálfhverft, eitthvað sem menn gera með sjálfum sér, fyrir sjálfan sig. Konur eru notaðar í þeim tilgangi að ná kynferðislegri fullnægingu, notaðar sem neysluvara. Paul lýsir því hvernig þessir eiginleikar klámnotkunar geri það að verkum að klám felur í sér að horfa á konur en ekki að eiga samskipti við þær. Klám leggur áherslu á hið líkamlega og í leiðinni horfir það framhjá eða gerir lítið úr öðrum eiginleikum kvenna. Kona er bókstaflega smættuð í líkamshluta og kynhegðun. Klámnotkun hefur einnig áhrif á sjálfsmat þeirra karlmannna sem neyta þess. Allir sem tengjast klámi eru bara hlutir. Flestir karlmenn í hversdagsveruleikanum uppfylla ekki þá ímynd sem ríkir í klámi. Í rannsókn sem *Elle* og *MSNBC.com* gerðu 2004 kom í ljós að 13% karlmannna viðurkenndi að eftir að hafa horft á klám á netinu hefðu þeir áhyggjur af því að þeir geti ekki fullnægt bólfélögum sínum. Paul bendir einmitt á að í klámi skorti ekki bara raunverulegar konur, heldur eru raunverulegir karlmenn einnig teknir út úr myndinni (Paul, 2005).

Rannsóknir síðustu áratuga sýna að samband er milli ofbeldishneigðrar hegðunar og nauðgana á konum og börnum og áhorfs kláms þar sem niðurlægning kvenna, nauðganir og ofbeldi gagnvart konum er viðhaft (Russell, 1988). Þó eru líka til rannsóknir sem sýna að ekki sé samband þar á milli en þar er þó ekki aðgreint ofbeldisfullt og niðurlægjandi klám frá öðru klámi sem myndi falla undir skilgreininguna erótískt efni samkvæmt Russell þar sem báðum kynjum er sýnd virðing og kynlífið er gagnkvæm nautn fyrir báða (Morrison, Bearden, Harriman, Morrison og Ellis, 2004). Því ber að hafa í huga þegar kanna á samband slíkrar hegðunar og áhorfs á klámi að ofbeldisfullt og niðurlægjandi klámefni sé aðgreint frá erótísku efni sem sýnir bert fólk og kynlíf sem ekki er ofbeldisfullt og niðurlægjandi. Eins og í ljós hefur komið hér að ofan hafa rannsóknir líka sýnt fram á að klámið hafi áhrif á viðhorf karla til kvenna, jafnvel þótt það sé ekki ofbeldishneigt, vegna þess hversu mikil hlutgerving á sér stað í því. Það er nánast alltaf sett þannig fram að líkami kvenna sé nakinn sýningargripur og leiktæki fyrir karlmanninn sem má nota hann og misnota og fleygja honum svo frá sér án þess að líkaminn sé nokkurn tíma persónugerður. Þrátt fyrir að ofbeldi eigi sér ekki stað er því vanvirðingin og valdamismunurinn áberandi í klámi sem hefur jafnframt slæm og villandi áhrif á sýn og viðhorf karla til kvenna (Russell, 1993).

Fræðibókmenntir um klám og rannsóknir á hegðun karlmanna sem nota klám sýna mjög skýra tengingu við ofbeldi á konum. Við viljum því gera því skil hér í þeim tilgangi að sýna lesanda fram á að mögulega eru hætturarnar enn meiri þegar um ómótaða unglingspilta er að ræða, sem eru að læra sínar fyrstu lexíur um kynlíf í gegnum klámmyndir. Russell (1988) hefur sett fram líkan þar sem hún fer í gegnum nokkra liði sem sýna fram á að orsakasamband er milli notkunar á klámi annars vegar og nauðgana hins vegar. Þar rekur hún hvernig karlmenn verða líklegari til að vilja nauðga konum eftir að þeir hafa horft á klám, jafnvel eftir stutt áhorf. Fjöldi karlmanna venjast því að þegar þeir horfa á klám þá finna þeir kynferðislega örvun og jafnvel fullnægingu á meðan þeir horfa á konur niðurlægðar og jafnvel nauðgað og beittar ofbeldi. Fullnægingin verður því skilyrt og tengd ofbeldi og niðurlægingu í stað gagnkvæmrar virðingar og nautn beggja aðila. Slíkar tengingar hljóta að vera

óæskilegar og hafa afleiðingar út í samfélagið með aukinni nauðganatíðni og skekktu viðhorfi karla til kvenna.

Í rannsókn Goodchilds og Zellman (1984) sem birtist í Russell (1993) sem skoðaði tilhneigingu karlmanna til að nauðga kemur fram að 50% menntaskólanema töldu það boðlegt að strákur héldi stelpu niðri og neyddi hana til samræðis í tilfellum þar sem „hún hefur æst hann upp“ eða „hún sagðist ætla að vera með honum en hættir svo við.“ Í Russell (1993) skýrðu Briere og Malamuth (1983) og Shere Hite (1981) sem rannsakaði 7000 menn frá því að um 50-60% karlmanna viðurkenndu að þeir hefðu haft langanir og draumóra um að nauðga konum og að undir kringumstæðum sem þeir væru vissir um að komast upp með það og ekki hljóta dóma, þá myndu þeir vera líklegir til þess að láta verða af því að nauðga. Þar var hægt að sjá jákvæða fylgni á milli kynferðislegrar örvunar við að horfa á ofbeldisfullt klám og þessara svara. Að auki er sagt frá rannsókn Donnerstein (1983) þar sem líkurnar á að menn myndu vilja nauðga konu fer úr 25-30% og upp í 57% eftir að hafa horft örstutt á ofbeldisfullt klám, sérstaklega ef konur voru sýndar þannig að þær væru að njóta nauðgunarinnar. Donnerstein komst að þeirri niðurstöðu að sambandið milli kláms og ofbeldis gegn konum væri jafnvel sterkara og augljósara en samband milli reykinga og krabbameins (Russell, 1993).

### **Fórnarlömb kláms**

Sú goðsögn hefur orðið lífseig að klámmyndaleikarar séu í því hlutverki af fúsum og frjálsum vilja. Frjálshyggju- og markaðsmenn beita þeirri skýringu að þetta sé bara eins og hver önnur söluvara og þar ráði lögmálið um framboð og eftirspurn á meðan aðrir hafa viljað kafa dýpra og leita skýringa á því hvað er að baki slíku „vali“. Hversu frjállega og óábyrgt ætli sé hægt að tala um val þegar hluti leikkvenna kláms hefur verið kynferðislega misnotaður á barnsaldri? Hversu lengi er hægt að tala um frjálst val þegar leikkonurnar skýra frá því að þær hafi verið neyddar til að taka þátt í athöfnum sem þær alls ekki vildu og þegar karlkyns klámleikarar skýra frá því að þeir hafi orðið vitni að raunverulegum nauðgunum á tókustað? Í hvert sinn sem fólk horfir á klámmynd ætti það að hugsa um manneskjurnar sem eru að taka þátt og setja sig í þeirra spor. Í hvert sinn sem fólk horfir á klám sem sýnir niðurlægingu og

ofbeldi á konum ætti það kannski að spyrja sig hvort það sé í raun frjálst val og hvort það myndi þá hvetja dætur sínar, systur og eiginkonur til að leika í slíku myndefni? Fram hefur komið í rannsóknum að fórnarlömb nauðgana, sambandsnauðgana og sífjaspella skýra frá beinni tengingu við klámmyndir út frá því sem ofbeldismaðurinn gerir við þau (Russell, 2004).

Önnur goðsögn klámsins er að það hafi verið upphafið að kynferðislegu frjálsslyndi og að fólk hafi getað brotist út úr heftu og afturhaldssömu kynlífi. Vissulega getur verið að sumar erótískar myndir geti gert það að verkum, en ef um raunverulegt frelsi í kynlífi er um að ræða þá verður að fylgja sú ábyrgð framleiðenda að birta ekki myndir þar sem ofbeldi og niðurlægning kvenna er í hávegum höfð og sýnt eins og ekkert sé sjálfsagðara en að þær séu þvingaðar og niðurlægðar í kynlífi. Slíkt getur ekki kallast kynferðislegt frelsi, því ef um raunverulegt frelsi er að ræða hlýtur það að þurfa að gilda um alla aðila sem taka þátt í kláminu, en ekki þannig að annar drotni yfir hinum og beiti hann ofbeldi. Stór hluti kláms og alls ekki óalgengar birtingarmyndir í klámmyndum og klámblöðum er á þann hátt að konur eru neyddar, þeim sýnd fyrirlitning, þær eru niðurlægðar og beittar ofbeldi, þær bundnar og pyntaðar og þeim er nauðgað. . Russell (1993) greinir einnig frá því hvernig sá stóri hluti kláms þar sem konum og börnum er nauðgað er það í nálægt 100% tilfella að slíkt er sýnt út frá ótta og hryllingi þeirra sem síðan breytist í ástríðu og jafnvel raðfullnægingar af hálfu fórnarlambins. Það er því sýnt eins og fórnarlambið þrái það í leyni að láta nauðga sér og hafi ánægju af því þegar líður á nauðgunina. Slíkar birtingarmyndir geta alls ekki talist kynferðislegt frelsi og gefa ekkert nema alvarlega skekkt mynd af bæði nauðgunum og kynlífi.

Í rannsókn Einsiedel (1986) sem greint er frá í Russell (1993) á kynferðis-afbrotamönnum kemur fram að yfir þriðjungur þeirra notaði klám til að undirbúa nauðgunina og 53% þeirra sem nauðguðu börnum voru klámneytendur. Hinir afbrotamennirnir í þeirri rannsókn viðurkenndu að þeir notuðu það stundum. Og í enn einni rannsókn sem Russell greinir frá kemur fram að 56% nauðgara og 42% barnanauðgara greindu frá því að klám hefði haft áhrif á þá til að fremja brotin. Það má því segja að vert er að athuga hvers konar klám er sett fram og hvernig kynin birtast í því þegar greinilegt er að það vekur upp slíkar ranghugmyndir hjá

karlmönnum um konur, börn og kynlíf. Þó svo þetta eitt sé ekki orsök að nauðgunum þá má segja að það sé bein tenging þarna á milli og stendur líkan Russell af orsaka- og afleiðingasambandi kláms og tilhneigingu til nauðgana því alveg undir nafni.

John Stoltenberg (1990) telur að hver hugsandi mannvera hljóti að spyrja sig að því hvernig stendur á því að svo ofbeldisfullt klám sé varið með lögum um tjáningarfrelsi í Bandaríkjunum þar sem stór hluti þess er framleiddur. Hvernig getur staðið á því að þegar ofbeldi og nauðganir eru bannaðar með lögum að það megi samt taka það upp á myndband og selja um allan heim? Ætli það væri eins vel varið af dómstólum ef við snerum dæminu við og birtingarmyndirnar væru af konum pyntandi karlmenn og jafnvel skerandi af þeim kynfærin? Auk alls þess ofbeldis sem fram kemur í klámi eru konur líka yfirleitt sýndar í þjónustuhlutverki fyrir karlmanninn og klám gengur yfirleitt út á það að sýna fullnægingu karlmannsins sem oft kemur yfir andlit konunnar, svokallað *moneyshot* og einnig er mikið gert úr því að hann tekur konuna í öll möguleg göt; munn, píku og rass. Slíkar birtingamyndir kláms eru eingöngu til þess ætlaðar að halda karlmönnum á stalli fyrir ofan kvenmenn, sýna yfirburði þeirra og vald. Við þurfum því alvarlega að spyrja okkur að því hvort slíkt sé æskilegt fyrir syni okkar og dætur að horfa á og nota klám sem fyrirmynd til að læra um kynlíf eins og um þriðjungur drengja segist gera í rannsókn Maxwell (1992 í Russell 1993). Meðalaldur þeirra við fyrsta áhorf var 12 ár og þeim sem horfðu á það að staðaldri fannst í lagi að halda stúlku niðri og neyða hana til samræðis (Russell, 1993; Stoltenberg, 1990). Foreldrum og forráðamönnum er bent á að skoða bókina *Against Pornography: Evidence of harm* (Russell, 1993) þar sem sýndar eru niðurlægjandi og ofbeldisfullar birtingarmyndir kláms í svo útbreiddum tímaritum eins og *Playboy*, *Penthouse* og *Hustler*, sem margir myndu skilgreina sem nokkuð „saklaus“ tímarit.

## Dæmisögur

Til þess að skýra enn frekar reynsluheim fórnarlamba kláms er vert að setja fram dæmisögur frá leikurum og þeim sem orðið hafa fyrir nauðgunum og ofbeldi sem hefur beina tengingu í klám.

Í dómsmáli árið 1983 í Bandaríkjunum hljómar vitnisburður manns sem lék í yfir 100 klámmyndum á þessa leið: „Ég hef sjálfur verið í nokkrum tókum þar sem ungar stúlkur eru neyddar til að hafa endaparmsmök við mann með stórt typpi og þær grétu af sársauka.“ Annað vitni sagði í þessum sömu réttarhöldum að konur og ungar stelpur hefðu verið pyntaðar og hlotið varanleg líkamleg meiðsl til þess að framleiðandinn gæti svarað eftirspurn eftir myndum sem sýndu kvala- og sjálfspíslarmisnotkun. Myndatökumaðurinn var því orðinn pyntandi sem seldi myndirnar til framleiðanda og þær voru síðan seldar í klámblöðum í almennri dreifingu (Russell, 1993).

### **Linda Lovelace og Deep Throat**

*Deep Throat* sem er klámmynd frá árinu 1972 er ein af þeim myndum sem hlotið hefur miklar vinsældir á klámmarkaðnum og er talin vera sú mynd sem gerði klám flott og boðlegt að margra mati. Áhorf á þá mynd var gífurlega mikið og útbreiðsla hennar líka. Í endann af áttunda áratugnum hafði hún halað inn um 600 milljónir bandaríkjadollara og enn þann dag í dag er henni hampað sem opinberun kynfrelsis kvenna og listrænni mynd og eins og sjá má í *Morgunblaðinu* (8. október 2006) kemst hún á lista yfir 100 brautryðjendaverk kvikmyndasögunnar. *Morgunblaðið* segir frá því að tímaritið *Radio Times* segi myndina vera „verst þeirra kvikmynda sem hafa haft víðtæk áhrif“ og að myndin hafi fært „klámið út úr bakherbergjum og inn í bíósalina.“ Einnig segir „hún er ómerkileg á glaðværan máta, kjánaleg á heillandi hátt. Hún var fyrirbæri síns tíma, merki þess að kynlífsbyltingin væri í fullum blóma.“ Svona umfjöllun færi myndin enn þann dag í dag þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir leikkonunnar Lindu Lovelace (Lindu Boreman) til að segja frá hinum ljóta veruleika og sannleika sem þar bjó að baki. Linda átti sjálf að fá 1200 dollara fyrir myndina, en sá aldrei þann pening né heldur neitt af því fé sem fékkst við sölu hennar eigin líkama í vændi sem eiginmaður hennar sá um (Steinem, 1980).

Boðskapur myndarinnar fólst í því að snípur þessarar konu væri í hálsinum og hún vildi stanslaust vera í munnmökum við menn þess vegna þar sem þeir fóru ávallt mjög djúpt ofan í kok hennar. Henni var stillt upp sem saklausri brosandri ungri konu sem naut þess að vera í slíku að því er virtist án þess að vera neydd til þess. Sannleikurinn á bakvið myndina kom hins vegar fram 8 árum síðar þegar henni

hafði loks tekist að sleppa úr þrúnaði Traynors, eiginmanns hennar og framleiðanda myndarinnar eftir ítrekaðar tilraunir. Linda lýsir því hvernig hann pyntaði hana og kúgaði, meðal annars með byssuhlaup að höfði, til að stunda vændi á meðan hann horfði í gegnum gægjugat til að vera viss um að hún slyppi ekki og að fá vatni sprautað gegnum garðslöngu upp í rassinn á sér ef hún neitaði að afklæðast á veitingastöðum eða fyrir vegfarendur á þjóðvegnum. Hún sagði þá frá því að hún hafði verið kynlífsþræll og fangi öll þessi ár þar sem hún var pyntuð og henni meinaður samgangur við annað fólk, bæði með útgáfu *Ordeal* (1980) og *Out of bondage* (1986) og í opinberum réttarhöldum þar sem hún lýsir því hvernig þessi mynd og aðrar sem hún lék í var nauðgun frá upphafi til enda. Hún mátti aldrei tala opinberlega né heldur fara á klósettið nema með hans leyfi. Hún hlaut varanleg meiðsli af barsmíðum og misnotkun eins og endaparmsskemmdir og æðaskemmdir í fótum. Linda varar nú við því að síkt geti komið fyrir hvaða konu sem er sem hittir svona mann eins og Traynor.

Gloria Steinem bendir á að í stað þess að spyrja um bakgrunn Lindu, þá ætti kannski frekar að velta fyrir sér hvaðan Traynor kemur og hvað fær menn til að beita aðra manneskju svona grófu ofbeldi og reyna koma í veg fyrir það. Einnig ætti að spyrja hvað fær milljónir „venjulegra“ manneskja til að horfa á slíkar myndir og láta eins og það sé allt í lagi? Hvað er það sem fær „venjulega“ karlmenn til að telja sér trú um það að ofbeldi og árásarhneigð í kynlífi sé bara allt í lagi? (Steinem, 1980).

### **Angel Kelly**

Angel Kelly er þekkt nafn í klámbransanum. Hún er frægasta svarta leikkonan í hörðu klámi og hefur leikið aðalhlutverk í yfir 150 myndum. Í viðtali segist hún sjálf hafa fengið mikið af peningunum í sinn hlut og sagðist eiga aðdáendur og að hún væri í raun stjarna. Hún byrjaði í klámbransanum ung með því að vera í glerbúri þar sem karlmenn fengu aðgang og fróðu sér yfir því, einnig dansaði hún sem strippari og var í nektarsýningum. Það þróaðist síðan áfram í að verða myndir í klámblöðum og svo í klámmyndum. Hún segist hafa fundið fyrir doða í fyrstu myndinni sinni og farið inn í það ástand við leik sinn í myndunum. Viðmælandinn grípur það á lofti til að skoða betur, því fórnarlömb kynferðisofbeldis lýsa því oft að finna doða og lokast tilfinningalega. Þegar líður á viðtalið kemur í ljós að faðir hennar misnotaði hana

kynferðislega frá 11 ára aldri. Hann notaði klám til þess að sýna henni hvað hún ætti að gera (Campbell, 1990).

### Áhrif á sambönd

Saga Lindu Lovelace leiðir hugann að því hvort ekki gæti áhrifa af klámi inn í ástarsambönd og hjónabönd fólks. Það væri einfalt og barnalegt að halda því fram að klám hefði engin áhrif á ástarsambönd fólks og viðhorfs karlmannna til kynlífs. Í kláminu sjá þeir alls kyns hluti sem eru óvenjulegir og oft og tíðum hluti og athafnir sem eru niðurlægjandi fyrir konuna. Konur hafa margar hverjar upplifað það í hjónaböndum sínum og samböndum að maki þeirra sé að færa klámið inn í þeirra kynlíf. Þeir þrýsta á að hún eigi að prófa hitt og þetta sem fram kemur í klámmyndum sem konunni þykir oft ekki spennandi og er frekar niðurlægjandi fyrir hana sem kynveru (Russell, 1993). Vissulega er misjafnt hvar mörkin liggja, en hluti eins og rakaðar píkur, endaparmsmök, hópkyllíf, hópnauðganir, bindingar, að halda niðri, klípa, bita og meiða sem og „lesbíukynlíf“ má allt rekja til kláms og sumir karlmenn virðast ætlast til að svona sé kynlíf með eiginkonunni og kærustunni líka. Slíkt getur því ekki talist vera kynferðislegt frelsi nema eingöngu, eða að mestu fyrir karlmanninn, því konan er gerð út eins og kynlífsþráll fyrir hann. Hún er hlutgerð fyrir hans ánægju og ekki lögð mikil eða nokkur áhersla á að hafa kynin jöfn í þeim leik, né heldur að sýna nautn konunnar eða hluti sem væru henni að skapi og til að upphefja fegurð hennar og kynlífsins.

Ofangreind dæmi gefa sterklega til kynna að tengsl séu á milli kynferðisofbeldis og kláms og klám meðal annars notað til að undirbúa fyrir ofbeldisverknað og nauðganir. Einnig lýsa fórnarlömb, sem voru misnotuð sem börn, því hvernig feður þeirra eða ofbeldismennirnir notuðu klám til að sýna þeim og „kenna“ og til að brjóta niður mótstöðu þeirra. Skilaboðin voru: „Sjáðu, svona gera karlar við konur og þess vegna er allt í lagi að ég geri svona við þig!“ Russell skýrir líka frá vændiskonum sem lýstu því að þær urðu oft fyrir nauðgunum og að ofbeldismennirnir væru þá oft með beinar tengingar í klámmyndir og vitnuðu jafnvel í að konunni í myndinni hafi fundist það gott og vildi láta berja sig og pynta.



Eins og John Stoltenberg bendir á (1990) þá er þörf á hugarfarsbreytingu varðandi klámiðnaðinn og lög í kringum klám. Það er ekki boðlegt að verja slíkt ofbeldi á mynd þegar vitað er að það er ekki einu sinni leikið og það er bannað í raunveruleikanum. Það er kominn tími til að við segjum sonum okkar að ef menn fá einhverja fullnægju af því að niðurlægja konur, þá er það ekki í lagi. Við þurfum að segja viðskiptamönnum að ef þeir selja kvenlíkamann til neyslu og skemmtunar karla á þennan hátt, þá er það ekki í lagi. Við þurfum að segja öðrum mönnum það að ef þeir láti klámframleiðendur draga sig á eyrunum, eða öðrum líkamsparti, inn í að trúa því að konur séu til þess að binda þær, hengja upp, berja og nauðga þá er það alls ekki í lagi. Við þurfum að segja klámframleiðendum að hvað sem þeir halda að þeir séu að gera í nafni karlmanna, sem skemmtun fyrir karlmenn í nafni ranghugmynda um svokallaða karlmennsku eða manndóm, þá er það ekki í lagi.

### Netvæðing klámsins/ Klámvæðing netsins

Með aukinni neyslu á klámi kemur krafan um að finna meira og grófara klám. Í þessu samhengi hefur netið leikið mjög ríkjandi hlutverk. Í fyrrnefndri rannsókn *Elle* og *MSNBC.com* frá 2004 játuðu um 20% karlmanna að vera *overstimulated* af klámi af netinu. Að auki viðurkenndu 37% karlmanna að klám færi til mörkin á því hvað þeim þyki kynferðislega örvandi (Paul, 2005). Paul veltir fyrir sér hvernig stendur á því að klám hefur orðið svona áberandi. Klámiðnaðurinn hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi og er ekki einungis hluti af jaðarmenningu eins og áður var. Talið er að í Kaliforníu velti klámiðnaðurinn allt frá 9 til 14 milljörðum dollara á ári. Paul bendir á að ýmsar nýjungar í tæknilausnum hafa gert þennan vöxt mögulegan. Klámiðnaðurinn hefur tekið kippi með hverri tækninýjung. Myndbandabyltingin gjörbreytti iðnaðnum og klámframleiðendur voru heldur ekki lengi að tileinka sér þá möguleika sem mynddiskar (DVD) höfðu. Aðgengi að klámi hefur orðið auðveldara með hverju ári og í Bandaríkjunum er hægt að nálgast sífellt meira klámefni í gegnum svokallaðar læstar rásir.

Paul bendir á að netið er sá miðill sem hefur jafnvel leitt mest til aukinnar útbreiðslu kláms. Netvæðing kláms er kafli útaf fyrir sig í sögu klámvæðingar. Netið hefur boðið upp á möguleika sem voru ekki til staðar með öðrum miðlum. Með

netinu var klámneytendum kleift að hlaða niður, afrita og dreifa klámi. Í kjölfar netsins kom alþjóðavæðing klámheimsins og flest landamæri og mörk afnumin. Talið er að yfir 260 milljónir klámsíðna séu á netinu, 1800 prósentu aukning frá 1998. Með auknu aðgengi, nafnleynd og lítills tilkostnaðar hefur netið stóraukið neyslu á klámi. Það hefur dregið inn nýja neytendur, aukið neyslu hjá öðrum neytendum og þróað neyslusmekk klámnotenda. Með aukinni neyslu á klámi kemur aukin þörf fyrir fjölbreyttara klám. Rannsóknir hafa sýnt fram á að með nýjum klám tækninýjungum, verði klám ofbeldisfullra.

Þessi þróun endar hins vegar ekki með netinu. Nýir möguleikar eru að gera vart við sig á klámmarkaðnum. Í Bandaríkjunum er orðið vinsælt að vera með innbyggða DVD-spilara í einkabílum og í auknum mæli er verið að nota þessa spilara til þess að horfa á klám. Paul lýsir einnig hvernig klám er að koma sér fyrir á farsímamarkaðnum. Vorið 2004 voru nú þegar 50 fyrirtæki í Evrópu farin að veita klám í gegnum farsíma. Nú þegar er farið að spá að þessi þjónusta eigi eftir að verða að minnsta kosti 5% af heildarveltu farsímaíðnaðarins. Einnig eru fyrirtæki farin að bjóða upp á þjónustu þar sem er hægt að hlaða niður efni fyrir iPod myndspilara. Þetta hefur meðal annars gert það að verkum að klámiðnaðurinn er sífellt að verða stærri og yfirgripsmeiri iðnaður. Klámfyrirtæki eru með hlutabréf sín á NASDAQ og verðbréfamarkaðnum í New York. Að auki hafa stór samskiptafyrirtæki miklar tekjur af klámiðnaðinum, til dæmis símafyrirtæki eins og AT&T og fjölmiðlarisar eins og TimeWarner. Þessi fyrirtæki gefa hins vegar ekki upp hversu miklar tekjur þeir hafa af þessum iðnaði.

### Angar klámvæðingar

Internetið hefur hefur flýtt fyrir að gera klám að hluta af almennri dægurmenningu. Paul (2005) vitnar í Salman Rushdie sem skrifaði nýlega að hægt væri að meta hversu frjálst og siðmenntað samfélag væri með tilliti til hversu opið það væri fyrir að samþykkja klám. Nú er því haldið fram að klám sé eðlilegt, karlmannlegt, frelsandi fyrir konur, meinlaust, framsækið og nauðsynlegt. Þeir sem eru á móti klámi eru þá samkvæmt þeim sem tala fyrir því á móti öllu þessu. Paul lýsir því hvernig klám hefur á undanförunum árum þróað í að vera svalt fyrirbæri, rokkað, byltingarkennt

og *edgy*. Paul eins og margir aðrir bendir á að klám er langt frá því að vera framsækið og frelsandi, og hvað þá byltingarkennt. Í staðinn telur hún að klám sé hinn fullkomni kapitalíski iðnaður: lítill kostnaður, mikil framleiðni, ódýrt vinnuafli, greiður aðgangur að ódýrara erlendu vinnuafli, stór og auðgreinanlegur markaður og margar leiðir til þess að dreifa því. Klám er stóriðnaður og hefur lagt sig fram við að tryggja sig fyrir afskiptum hins opinbera og annara andmælanda með því að tengja sig við framsækin og frjáls viðhorf til kynlífs.

Í bók sinni *Female Chauvinist Pigs: Women and the Rise of Raunch Culture* (2005) skoðar Ariel Levy hvernig aukin klámvæðing hefur verið að gera vart við sig undanfarin ár. Hún lýsir því hvernig þær hugmyndir sem Paul lýsir hér að ofan eru að hafa áhrif á konur. Hún byrjar á því að telja upp þær birtingarmyndir kvenna sem hafa rutt sig inn í dægurmenningu samtímans. Britney Spears verður fáklæddari með auknum vinsældum, stórmyndir eins og Charlie's Angels eru troðfullar af tilvísunum í klám staðalímyndir og svokölluð strákablöð (e. *lad mags*) eins og *Maxim* og *FHM* eru troðfull af sveittum, nöktum kvenkyns kvikmyndastjörnum. Stelpur og konur á öllum aldri eru farnar að klæðast sífellt meira á máta sem hún telur líkja meira og meira eftir klámstjörnum. Margs konar lýtaaðgerðir eins og brjósta-stækkanir og skapabarmaaðgerðir verða sífellt vinsælli fyrir konur á öllum aldri. Levy veltir fyrir sér af hverju. Hún bendir á, líkt og Paul gerir, að svo virðist sem bókstaflega sé búið að selja konum þá hugmynd að vissar hugmyndir um kynlíf og útlit séu ekki bara kynþokkafullar, heldur einnig frelsandi og framsæknar. Hún nefnir Paris Hilton sem mjög gott dæmi um konu sem er fyrst og fremst fræg fyrir að hafa verið í tveimur heimagerðum klámmyndböndum sem var mjög vel dreift á netinu. Það er mikilvægt að vera kynþokkafull og Levy bendir á að fyrir konur þýðir það að vera *fuckable* og *salable*, eða ríðilegar og söluhæfar. Konur eru orðnar virkir þátttakendur í þessari tísku og margar konur vinna í þeim iðnaði sem heldur þessum hugmyndum á lofti. Í yfirstjórn *Playboy* fyrirtækisins er til dæmis mikið af konum. Levy telur mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvernig og af hverju mál hafa þróast svona. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir mótsögninni sem felst í því að einföld, stöðluð, plastkennd mynd af kyngervi kvenna tryggi konum kyn- og einstaklingsfrelsi.

## Unglingar í klámvæddum heimi

Í nýlegri rannsókn sem Guðbjörg Hildur Kolbeins (2006) gerði hér á landi sem hluta af stórrí samnorænni rannsókn á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, kom í ljós að 96% stráka og 88,7% stelpna í rannsókninni höfðu séð klám. Bendir hún einnig á að meðalaldur unglunga þegar þeir sáu fyrst klám var 11,7 ára og sumir sögðust ekki hafa gert sér grein fyrir því hvað þetta var. Mjög stór hluti unglunganna, eða helmingur drengja og 60% stúlkna, segist hafa séð klám gegn vilja sínum stundum, oft eða mjög oft. Þá kemur í ljós að unglingar komast í kynni við klám í gegnum margskonar miðla. Þar af er sjónvarpið og netið mest áberandi, eða 72-75% hafa séð klám í þessum miðlum. Síðan eru það sprettigluggar (e. *popups*), klámblöð, myndbönd og DVD og ruslpóstur. Athyglisvert er að samkvæmt rannsókn Guðbjargar segjast 17% unglunga hafa séð klám í almennum tímaritum, 15,5% í dagblöðum og 13,6% í gsm síma. Það að hafa séð klám og að vera neytandi þess getur ekki talist sami hluturinn og þegar það er skoðað kemur í ljós að samanlagt segjast 66% drengja sjá klám vikulega eða mánaðarlega á móti um 32% stúlkna, 20,6% drengja sjá það daglega, en einungis 2% stúlkna sjá það svo oft. Um 29% stúlkna segjast nær aldrei sjá klám og um 27% þeirra sjá það einungis nokkrum sinnum á ári.

Hvað varðar viðhorf unglunganna til kláms er mikill munur á kynjunum. Um 65% drengja og um 23% stúlkna segja það skemmtilegt, en 13,5% drengja og 37% stúlkna segja það ógeðslegt. Um 30% stúlkna töldu það leiða til nauðgana en einungis 13,5% drengja töldu svo vera. 31,5% stúlkna sögðu einnig að það leiddi til vændis en einungis 11% drengjanna. 77,7% drengja og 38,5% stúlkna sögðust örvast kynferðislega við klám. Helmingur drengja langaði að prófa nýja hluti en um 21% stúlkna sögðu klámið hafa þannig áhrif á sig. Aftur á móti var um þriðjungur stúlkna sem sögðu að áhrif kláms væri óánægja með eigin líkama og um 24% þeirra óttuðust að standa sig ekki í rúminu (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2006).

Paul bendir á að unglingar komast í kynni við klám á ýmsa vegu. Hún lýsir því hvernig það hefur verið sterk hefð í gegnum tíðina að unglingsstrákar hafi komist í kynni við klám í gegnum einhvern ættingja eða fjölskylduvin. Einhver frændi, eldri bróðir eða jafnvel faðir kynnir viðkomandi fyrir klámi eða unglungur rekst á klámefni

af tilviljun í vörslu foreldra sinna (Paul, 2005). Paul vísar í rannsóknir sem gefa til kynna að unglingar og börn séu í sífellt meira mæli að uppgötva klám í gegnum netið. Samkvæmt könnun sem *Kaiser Family Foundation* gerði 2001 töluðu 70% 15-17 ára unglunga um að hafa séð óvart á klám á netinu. Aðgengi að klámi er að aukast og það að læra að líka við klám er að verða meira ríkjandi. Í könnun *London School of Economics* frá árinu 2004 kom í ljós að 60% þeirra unglunga sem nota netið reglulega komast í kynni við klám á netinu (Paul, 2005). Klám er ekki bara orðið mun aðgengilegra fyrir ungt fólk það er einnig orðið *svalt*. Í þessu samhengi vitnar Paul í Judith Coché sálfræðing, sem hefur séð ýmislegt þau 25 ár sem hún hefur verið starfandi sálfræðingur og sérfræðingur. Hún telur að núna séum við stödd í miðjum faraldi. Hún telur að klám sé að verða sífellt meira áberandi og áhrifin á ungt fólk séu virkilega hættuleg. Það versta telur hún einnig vera að fólk virðist að mestu leyti ekkert gera sér grein fyrir þessu. Undanfarin ár hefur Judith verið að fá til sín alvarlegri tilfelli sem hún rekur til aukinnar klámvæðingar. Hún nefnir dæmi þar sem ellefu ára stelpa var að reka sína eigin klámsíðu. Þegar foreldrar hennar ræddu við hana, þá svaraði hún því að klám væri talið flott í hennar vinahópi. Einnig eru fleiri unglingsstrákar að koma í meðferð fyrir klámfíkn og eru þeir sífellt að verða yngri. Coché segir að áður en netið kom til sögunar hafi hún ekki komist í kynni við neitt í líkingu við þessa þróun.

Hvaða áhrif hefur þessi þróun á unglunga? Paul bendir á að það er orðið mjög erfitt fyrir til dæmis tólf ára unglingsstrák að horfa framhjá þessu aukna áreiti. Þetta gerir það að verkum að í auknum tilfellum eru unglingsstrákar að eiga kynlífsreynslur í tengslum við tölvur, en ekki manneskjur. Fyrsta reynslu þeirra af kynlífi er í gegnum tölvur eða netið, í gegnum klám. Paul veltir fyrir sér hvað áhrif það hefur á framtíðarvæntingar og reynslu einstaklinga sem mótast kynferðislega á þennan máta. Hún vitnar í viðtal við unglingsstrák í *New York Times*: „Til hvers að standa í stefnumótum þegar maður hefur netklám?“ (e. *Who needs the hassle of dating when I've got online porn?*) Klám er semsagt orðið fastur liður í dægurmenningu unglunga, og birtist meðal annars í tölvuleikjum og öðrum vinsælum miðlum á meðal unglunga (Paul, 2005).

## Fræðsla

Eins og kom fram hér að ofan þá vilja meðmælendur kláms halda því fram að klám veiti mikilvæga fræðslu um kynlíf. Paul veltir einmitt fyrir sér hvaða áhrif það hefur á unglunga að þeirra fyrstu kynni af kynlífi séu í gegnum klám. Getur það verið meinlaust? Paul ítrekar að í klámi er yfirleitt að finna meira en bara kynlíf á milli tveggja einstaklinga. Hún vísar í rannsókn *Cowen-Campbell* frá 1995 þar sem 60% unglingsstráka segjast hafa lært eitthvað eða mikið af klámi. Hvað er það sem hægt fer að læra af klámi? Paul lýsir því hvernig klám getur haft áhrif á kynveru unglunga þegar hún er í mótun og á það hvernig einstaklingar koma að mannlegum samskiptum við hitt kynið og í tengslum við kynlíf (Paul, 2005). Eru unglingsstrákar að horfa klám til þess að nálgast fróðleik? Í rannsókn Guðbjargar Hildar Kolbeins (2005) kemur fram að 46% stráka skoða klám í tengslum við sjálfsfróun, og aðeins 3,1% til þess að nálgast upplýsingar um kynlíf. Paul bendir á að mikil áhersla á kynferðislega örvun og sjálfsfróun getur haft áhrif á hvernig einstaklingar meta kynlíf. Strákar sem skoða klám mikið eru líklegri til að tengja kynferðislega örvun við líkamlega örvun og aðrir þættir detta út. Þeir læra að stunda kynlíf óháð tilfinningum og stúlkur læra að stunda kynlíf án þess að það tengist því að vera í sambandi (Paul, 2005).

Hver eru skilaboðin sem unglingar fá í gegnum klám? Paul bendir á að klám er ekki gott líkan fyrir unglunga í mótun kynveru. Með því að horfa á klám fá þau skilaboð um að meðal annars vilja konur alltaf kynlíf og að kynlíf hafi ekkert með sambönd að gera. Í klámi er ekki verið að sýna þá hluti sem fara fram í tengslum við og í kringum kynlíf. Í bandarískri rannsókn kom í ljós að 30% töldu að neikvæðustu áhrif kláms á börn væru afskræmdar væntingar stráka til kynlífs og takmarkaðs skilnings á konum. Einnig töldu aðeins 2% Bandaríkjamanna klám geta hjálpað unglungum að öðlast skilning á kynveru sinni og kynlífi. Aðeins 9% voru þeirrar skoðunar að klám hafi engin áhrif á börn og unglunga (Paul, 2005).

Paul veltir einmitt fyrir sér í þessu samhengi hvar unglingar og börn fái kynfræðslu. Er eitthvað mótvægi við því áreiti sem klám veitir unglungum? Hún bendir á að í bandarísku skólakerfi er kynfræðsla mjög takmörkuð og ef eitthvað er hefur stefnan verið íhaldssamari undanfarin ár. Eins og er fjallar kynfræðsla mjög

sjaldan um klám. Unglingum er ekki kennt að setja klám í samhengi. Margir foreldrar treysta sér ekki til þess að taka á þessum efnum. Ef unglingar fá engar upplýsingar þá eru þeir líklegri til þess að fara á netið og leita sér upplýsinga þar (Paul, 2005). Paul minnir á að klámiðnaðurinn hefur ekki miklar áhyggjur af því að ungir krakkar séu að komast í kynni við klám og snýst markaðsetning margra um að höfða til ungra og nýrra neytenda. Þegar Hugh Hefner var spurður af *Washington Post* hvað honum fyndist um að krakkar gengu í bolum merktir *Playboy*-merkinu, þá svaraði hann að honum væri sama þótt að ungbarn myndi halda á *Playboy* hristu.

Paul vitnar í Al Cooper sem stýrði *San Jose Marital and Sexuality Center* og er sérfræðingur um netklám. Hann bendir á að það er ekki bara að allir krakkar geti séð klám á netinu, heldur *muni* allir krakkar sjá það. Hann telur lausnina vera að gera krakka ónæma fyrir klámi með því að fræða þá um kynlíf. Það þarf að ræða við og upplýsa krakka og unglunga um kynlíf og klám. Levy (2005) ítrekar hversu mikilvægt það er fyrir ungar stúlkur að fá almennilega kynfræðslu. Skortur á fræðslu leiði til þess að þær taki þátt í þeirri menningu sem birtist þeim alls staðar. Á netinu, í auglýsingum, bíómyndum og tónlistarmyndböndum eru konur sýndar sem kynþokkafullar kynlífsverur. „To dress the skankiest ... that would be the one way we all compete.“ Í rannsókn Guðbjargar Hildar kemur í ljós að aðeins 28% unglunga hafa rætt við foreldra sína um klám.

Anette Dina Sørensen telur að í ljósi þess hversu ríkjandi klámmenning er orðin, sé mikilvægt að fræðsla um kynlíf og klám haldi áfram að hafa sitt hlutverk í menntakerfinu. Hún bendir hins vegar á þá staðreynd að undanfarið hefur umfjöllun um klám minnkað. Eftir að klám var lögleitt í Danmörku fyrir einhverjum áratugum, var lögð áhersla á að taka klám fyrir í allri kynfræðslu. Reyndar bendir hún á að það hafi vantað að skoða þetta þetta útfrá kynjasjónarmiðum. Eftir 1995 hefur hins vegar farið minna fyrir umfjöllun um klám. Hún telur að aukin klámvæðing hafi gert það að verkum að ekki er talin þörf á að taka það sérstaklega fyrir, enda viti krakkar um klám. Sørensen telur hins vegar ekki síður mikilvægt í dag að gera grein fyrir kynhlutverkum og birtingu þeirra í klámi (Sørensen, 2003).

Í skýrslunni *Youth, Pornography and the Internet* sem var gerð af *National Research Council* árið í Bretlandi er skoðað hvaða áhrif aukin netnotkun getur haft á unglunga.

Lögð er áhersla á hversu mikilvægt netið er fyrir menntun og fróðleiksleit unglunga, en reynt er að varpa ljósi á neikvæðu áhrifin, þá sérstaklega af klámi. Það er ekki talið skynsamlegt að vonast til einhver tækni-töfralausn finnist til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif. Tæknilausnir og opinberar reglugerðir eru mikilvægar, en fræðsla og aðrar félagslegar lausnir eru taldar mikilvægastar til að veita unglungum verkfæri til þess að meta sjálf hvernig þau taka á efni sem birtist þeim á netinu.

Í þessum hluta hafa verið tekin saman ýmis atriði sem koma fram í fræðilegri umfjöllun á klámi. Farið var yfir skilgreiningu Russell á klámi og hvernig hún tengir hana við niðurlægingu, kúgun og misnotkun á konum. Í framhaldi af því var farið í lagalegar skilgreiningar á klámi og þær mótsagnir sem er hægt að greina í henni. Síðan var skoðað hvernig hefur verið fjallað um karlmenn og klám; þ.e. hvernig klám er talið mikilvægur hluti af kynveru karlmannna. Áhrif og afleiðingar þeirrar orðræðu er skoðuð og í framhaldi er fjallað um neikvæðar hliðar klámiðnaðarins. Farið er yfir rannsóknir og sögur um klámframleiðendur og aðra þátttakendur í þessum iðnaði. Til þess að undirstrika alvarleikann er sagt frá reynslu tveggja kvenna sem leikið hafa í klámmyndum og eru þekktar í þeim heimi. Hlutverk netsins í útbreiðslu á klámi er skoðað sem dæmi um hvernig klámiðnaðurinn hefur alltaf nýtt sér tækninýjungar til þess að komast á stærri markaði. Í beinu framhaldi af því eru áhrif og afleiðingar aukinnar klámvæðingar skoðuð og þá sérstaklega með tilliti til áhrifa hennar á unglunga. Að lokum er farið yfir stöðu unglunga í klámvæddum heimi og mikilvægi fræðslu sem mótvægi við klámið. Í næsta hluta verður farið yfir helstu niðurstöður úr rannsókninni og að lokum verður ljósi varpað hvernig niðurstöðum úr viðtölum við unglungana ber saman við þau fræði sem hér hafa verið kynnt.



## **II hluti - Rannsókn - Viðhorf íslenskra ungmenna til kláms**

Í þessum hluta munum við segja frá niðurstöðum viðtalsrannsóknar við fimm hópa unglunga á aldrinum 14 til 18 ára. Hér á eftir er ítarleg greinargerð á aðferðafræði rannsóknarinnar og því næst koma niðurstöðurnar. Niðurstöðum er skipt niður í undirkafla og fara þar fyrst skilgreiningar unglunganna á klámi og hvernig þau upplifa það. Því næst er skýrt frá klámvæðingunni sem þau finna fyrir í fjölmiðlum, tónlistarmyndböndum, bíómyndum og almannarýminu. Þeim finnst það sérstaklega áberandi á netinu, þar sem þeim finnst aðgengið alltof auðvelt og segjast vart geta komið í veg fyrir að verða fyrir því að sjá það. Því næst er farið yfir það hverjir leika í klámm myndum, hverjir standa að baki og hverjir neyta þess þar sem áberandi kemur fram að konur eru áberandi í hlutverki leikara á meðan karlmenn eru framleiðendur og neytendur að þeirra mati. Að lokum er rætt hvernig áhrif klám hefur á neytendur þess og á samfélagið og mikilvægi fræðslu fyrir börn og unglunga í þessu sambandi.

### **Aðferðafræði rannsóknar**

Í þessum hluta verður tekin fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar. Um er að ræða eigindlega (e. *qualitative*) rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við fimm rýnihópa sem samanstóðu af 4-7 einstaklingum á aldrinum 14-18 ára. Fjallað verður um hvað eigindlegar rannsóknaraðferðir fela í sér og helstu kenningalegu forsendur þessarar aðferðar. Í þessum hluta skýrslunnar verður einnig lýst hvernig rannsóknin var framkvæmd og hvernig undirbúningi var háttað ásamt því hvernig gagnaskráning fór fram og hvernig unnið var úr gögnunum. Í ljósi þess að markmið rannsóknarinnar er í meginatriðum að öðlast dýpri og margþættari skilning á því hvernig ungt fólk upplifir og túlkar klám í sínu umhverfi var valið að safna gögnum í formi rýniviðtala.

### **Eigindleg rannsókn**

Í þessari rannsókn er notuð hin svokallaða eigindlega rannsóknaraðferð þar sem rannsakandi er yfirleitt með lítinn hóp þátttakenda og skoðar marga þætti til að fá dýpri skilning á viðhorfum þátttakenda. Rannsakandi vill skilja félagsleg fyrirbæri út

frá sjónarhorni einstaklingsins og upplifun hans á því fyrirbæri sem er til skoðunar. Forsendur eigindlegra rannsókna byggja á fyrirbærafræðilegum (e. *phenomenological*) þekkingargrunni. Samkvæmt fyrirbærafræðinni er veruleikinn félagslega skapaður. Hlutverk þeirra sem starfa innan þessarar hefðar er því að skoða hvernig fólk upplifir og skapar félagslegan veruleika sinn (Taylor og Bogdan 1998). Takmarkið með eigindlegum rannsóknum er því ekki að bregða upp mynd af skoðunum fjölmargra eða alhæfa yfir á stærri hóp heldur að reyna að skilja hvaða augum fólkið sem tekur þátt í rannsókninni lítur reynsluheim sinn og á hvaða máta það lýsir honum. Öllu jafnan er alhæfingargildi eigindlegrar rannsóknar yfir á stærri hóp lítið en engu að síður geta niðurstöður úr rannsóknum af þessu tagi gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu.

Í eigindlegum rannsóknum er rannsakandinn aðalrannsóknarverkfærið og notar opnar spurningar til fá innsýn í viðhorf viðmælenda sinna. Eigindleg rannsókn byggir oft og tíðum á því að safna gögnum í opnum viðtölum, þátttökuathugunum og rýnihópum sem síðan eru greind og úr þeim mótuð kenning. Þessi aðferð kallast aðleiðsla og er það sú aðferð sem notuð er hér. Hér er ekki stuðst við staðlaðan spurningarlista, heldur frekar reynt að ná fram eðlilegu samtali um málefnið. Þó að rannsakandi sé með minnispunkta til merkis um það hvað hann vill að komi fram í viðtalinu verður að gæta þess að spyrja opinna spurninga en ekki lokaðra og leiðandi. Æskilegt er að viðmælandi fái rúm til að viðra sínar skoðanir og geti talað opinskátt um þær (Esterberg, 2002).

Mikilvægt er að hafa í huga siðfræðilega þætti rannsóknar. Rannsakanda ber siðferðileg skylda að heita fullum trúnaði við þátttakendur og skal rétt nafn þeirra hvergi koma fram. Hjá rannsakanda ætti að vera vísindalegur og mannlegur áhugi til að framkvæma eigindlega rannsókn og þarf hann því að vera heiðarlegur, sanngjarn og bera virðingu fyrir þátttakendum. Taka verður tillit til ólíkra aðstæðna sem geta falið í sér streitu sem getur valdið breytingu á sjálfsmynd þátttakandans. Til að reyna að koma í veg fyrir slíkt er gott að gera grein fyrir markmiði rannsóknar og rétti viðmælenda til að hætta þátttöku ef svo ber undir (Kvale, 1996).

Í þessari rannsókn var stuðst við eigindlega aðferð sem er ýmist kölluð rýnihópar eða hópviðtöl (e. *focus groups*). Hópurinn gefur meiri upplýsingar heldur en ef talað

væri við einstaklingana eina og sér. Rýnihópar sem rannsóknaraðferð gefa rannsakendum kost á því að ná til markhópa með tiltölulega skjótum hætti. Það sem rýnihópa skortir í aðferðafræðilegu baklandi og marktektar-mælingum vinna þeir upp með beintengingu við hópana og dýpt sem megindelegar rannsóknaraðferðir skapa ekki. Rýnihópar fara þannig fram að sérvöldum þátttakendum er stefnt saman og þeir fengnir til að ræða sín á milli ákveðin efni. Rannsakandinn er því í hlutverki umræðustjóra sem hefur ekki áhrif á umræðuna á annan hátt en þann að beina henni í „réttan farveg“ samkvæmt skilgreindum rannsóknarmarkmiðum. Umræðustjóri leitast því við að hefta umræðu- og hugmyndaflæði sem minnst. Rétt eins og í öðrum eigindlegum rannsóknum er alhæfingargildi lítið en niðurstöðurnar gefa okkur vísbendingar um upplifun unglunga á efninu. Umræðustjórar reyndu að forðast það að einstaklingarnir í hópnum hefðu of mikil áhrif á skoðanamyndanir annarra sem og að þeir sjálfir gæfu ekki í skyn skoðanir sem gætu litað svörin sem þátttakendurnir gáfu (Taylor og Bogdan, 1998).

### **Undirbúningur, framkvæmd og val á þátttakendum**

Undirbúningur á þessari rannsókn hófst með umsókn til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Í lok apríl lá fyrir jákvætt svar og var farið í það undirbúa rannsókn formlega. Í lok maí var haldinn fundur með þeim sem komu að rannsókninni og rammi fundinn. Í fyrstu viku júní hófu höfundar skýrslunnar vinnu við að koma rannsókninni af stað. Í ljósi þess að markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á upplifunum og túlkun ungs fólks af klámi, var unnið að því að finna hentuga unglunga til þess að ræða við. Haft var samband við Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar, Vinnuskóla Reykjavíkur og Félagsmiðstöðvar Kópavogs. Tengiliðir þar hjálpuðu til við að finna unglunga í hópana. Einnig var haft samband við Persónuvernd til að tilkynna rannsóknina og fá leiðbeiningar um framkvæmdarviðmið á rannsókn sem þessari.

Í framhaldi af því var farið í því að semja bréf til foreldra unglunganna. Í ljósi þess að unglingarnir voru allir undir 18 ára þurftum við að fá samþykki hjá foreldrum. Samhliða því var farið í það að semja spurningaramma fyrir hópana. Var hann unninn með spurningalista úr rannsóknar Guðbjargar Hildar Kolbeinsdóttur til

hliðsjónar. Markmiðið var fyrst og fremst að búa til ramma utan um viðtölin og tekið var tillit til þess að spurningalistar þurfa að vera opnari og sveigjanlegri í eigindlegri rannsókn.

Rætt var við fimm hópa. Fjórir af fimm hópunum voru kynskiptir til að fá fram umræður á milli ungs fólks af sama kyni. Einnig var ákveðið að skipta hópunum eftir aldri, þar sem töluverður munur er á þroska ungs fólk sem er annars vegar 14 ára og hins vegar 16 eða 18 ára, samtals voru það 28 einstaklingar sem tóku þátt. Uppgefin nöfn eru ekki raunveruleg nöfn viðmælenda heldur tilbúin nöfn sem við gáfum þeim til að ekki væri hægt að rekja svörin til þeirra. Hópasamsetningin var eftirfarandi:

***Yngri stelpur (14 ára):***

Solla, Halla, Kolbrún, Petra og Vala.

***Eldri stelpur (16 ára):***

Edda, Svala, Iðunn, Helga, Hulda og Una

***Yngri strákar (14-15 ára):***

Bjarki, Erik, Guðmundur, Magnús, Sævar og Þór.

***Eldri strákar (16 ára):***

Einar, Ólafur, Sverrir og Þórður.

***Blandaður hópur (17-18 ára):***

Arnar, Daníel, Guðrún, Jóna, Rósa, Viggó og Þórunn.

**Söfnun, skráning og vinnsla gagna.**

Eins og fram kom að ofan var talað við fimm hópa. Viðtölin við rýnihópana fóru fram á tímabilinu 11. júlí til 1. ágúst 2006. Fóru þau fram í nokkrum félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Rétt áður en viðtölin hófust var undirrituðum samþykktum foreldra safnað saman. Stuðst var við fyrrnefnda spurningalista, en áhersla var lögð á að leyfa unglungunum að tjá sig frjálst á eigin

forsendum. Þetta var gert meðal annars til þess að láta þátttakendum líða sem best á meðan viðtalinu stóð.

Öll viðtölin voru tekin upp á stafrænan búnað með samþykki viðmælenda og síðan afrituð eins nákvæmlega og hægt var. Einnig var skrifað niður við fyrsta tækifæri eftir viðtal allt það sem kom fram þegar slökkt var á upptökutækinu. Meðan á rannsókninni stóð söfnuðust tæplega 200 blaðsíður af gögnum. Greining á gögnunum fór fram á meðan og eftir að skráningu lauk. Viðtölin voru lesin yfir að lokinni skráningu og athyglisverðir punktar skráðir. Þegar allri gagnasöfnun var lokið var farið yfir allt aftur og búnir til flokkar og undirflokkar til þess að vinna nánar úr. Markmiðið var að láta allar ólíku raddir rannsóknarinnar njóta sín.

### **Skilgreiningar unglunga á klámi**

Aðspurðar um skilgreiningar á klámi komu eldri stúlkurnar með skilgreiningar eins og að klám væri kynlíf gert opinbert og til sýnis til að græða á og að klámmyndir væru óraunverulegt og tilfinningalaust bull í óraunverulegum aðstæðum. Þær töldu að klám væri því sala á kynlífi og líktu því við vændi og misnotkun á konum. Þær töldu að stelpur og konur væru neyddar í það og þeim bókstaflega rænt í sumum tilfellum og fólk virtist gera allt til að græða peninga. Þær virtust sammála um það að klám væri bara innantómt og innihaldslaust kynlíf og þeim fannst það fáránlegt rugl og sögðu klámmyndir ekki innihalda neinn söguþráð. Oft kom fram að þeim finnst konurnar hlutgerðar, þær vera eins konar sýnigripir í þjónustuhlutverki fyrir karlinn í slíkum myndum og að þær væru heimskar og geðveikt auðveldar, eins og þær orðuðu það. Einnig nefndu þær auglýsingar, tónlistarmyndbönd, símalínur og strippstaði í umræðunni um skilgreiningar á klámi.

Yngri stúlkurnar töluðu á svipuðum nótum og skilgreindu klám sem bláar myndir, vídeó af konum, myndir á netinu, allsberar konur, Playboy, klámblöð, konur að selja sig, vændi, óraunverulegt og ógeðslegt kynlíf. Þær töluðu mikið um aðgengið á netinu og að klám birtist þeim líka í fjölmiðlum, sjónvarpi og bíómyndum. Viðhorf þeirra og tilfinning gagnvart kláminu er svipað og hjá eldri hópnum, þær nefna hlutgervinguna og tilfinningalaust kynlíf þar sem konan er niðurlægð og í þjónustuhlutverki fyrir karlmanninn og líkja þessu við vændi og nauðgun.

*Svala: ... kynlíf er kannski meira svoona með tilfinningum og einhverju, já tilfinningum ... þú veist, þetta er bara afskræmd ímynd af kynlífi ... en ... fólk sækir greinilega í þetta og þá er þetta markaður fyrir peninga og þú veist, fólk gerir flest allt sem það græðir peninga á!*

*Halla: bara svoona konur að reyna að selja sig, bara svoona ógeðslegt ... fá pening fyrir að sýna líkama sinn, mér finnst það bara ógeðslegt ... mér finnst þetta bara vera eiginlega alveg eins og vændi ... þegar maður hugsar um klám, þá bara ósjálfrátt hugsar maður konur ... klám finnst mér líka vera svoona súludansstaðir ... það eru svoona súludansstaðir á Íslandi ... konur frá mörgum löndum, þetta er eins og þetta sé bara ís og þetta séu bara mörg brögð! (bragðtegundir) (hún segir þetta með mikilli hneykslan í röddinni), ... þetta er bara eins og matur eða eitthvað, ... það er ekkert farið með þetta eins og lifandi manneskjur ... mér finnst það bara ógeðslegt! ... og mér finnst bara ógeðslegt að það er leyft klám og súludansstaðir, nektarbúllur!*

Þegar strákarnir voru spurðir það því hvað klám væri gáfu þeir ýmis konar svör. Í byrjun voru þeir samt sem áður ekki með mörg svör til reiðu. Svo virtist sem þeir hefðu ekki hugsað klám í skilgreiningum og hvað það væri í raun. Til dæmis segir Ólafur: „Ég hef ekki rosa mikið þælt í því - Hvað er Klám?“

Þegar byrjað var að ræða hvað skilgreining á klámi fæli í sér var samt sem áður fljótlega komið inn á kynlíf. Ólafur nefnir strax að klám sé fólk að hafa samfarir. Í beinu framhaldi af því var komið inn á klám sem atvinnu. Með því fyrsta sem Einar sagði um klám var að klám væri iðnaður og að það væri umdeilt. Þórður tók undir þetta og bætti við: „Ég myndi skilgreina klám bara sem kynlíf sem er ekki stundað til ánægju heldur meira sem iðnaður ... til að græða pening.“

Það kom hins vegar fljótlega í ljós að strákunum þótti erfitt að skilgreina það. Þórður var samt þeirrar skoðunar að það væri hægt að skilgreina það betur. Algengt var að að strákarnir töluðu um að það færi eftir aðstæðum eða samhengi hvað flokkaðist undir klám. Einar var þeirrar skoðunar að það væri lítið í umræðunni til að útskýra klám. Það væri erfitt að finna skilgreiningu sem myndi ná yfir allt. Ýmislegt var talið upp þegar þeir fóru að tjá sig um hvað klám fæli í sér svo sem hljóðupptökur, strippstaðir, auglýsingaskilti og netið. Það var margt sem kom til greina, en það þurfti að innihalda líkama og voru flestir sammála því að nekt skipti máli þegar þeir áttu að skilgreina klám. Erik úr yngri strákahóp kemst svo að orði þegar hann var beðinn um að koma með skilgreiningu á klámi: „Klám getur flokkast

undir það þegar fólk selur nekt sína og þegar verið er að sýna nekt sína.“ Það er samt athyglisvert að skoða mörkin á nekt og klámi.

*Erik: Það eru nú flestir strákar sem skoða alveg naktar stelpur. Maður játar það nú alveg. Maður er nú kannski ekki mikið að skoða klám ... Ég hef ekki áhuga á klámi, en ég hef áhuga kannski á módelum. Það er öðruvísi finnst mér, það er ekki kynlíf. ... En klám er ekki alltaf kynlíf.*

Nekt er bara eðlileg segir Magnús til þess að leggja áherslu á það að nekt sé ekki alltaf klám. Þór tekur hins vegar fram að honum finnst það ekki eiga við ef verið er að selja nektina: „Þá getur það verið klám ... í myndum eða myndböndum.“ Þegar þeir eru að lýsa mörkunum á klámi og nekt velta þeir fyrir sér hvað er klám og hvað ekki. Guðmundur spyr hópinn eftirfarandi spurningu: „Er þá *Séð og Heyrt* klámblað? Aftast er alltaf einhver kona sem ... er nakin.“ Erik fannst það vera allt annað og allt í lagi að fyrirsætur sýndu líkama sinn: „Mér finnst klám tengist meira svona kynlífi.“ Einnig var nefnt að klám væri þegar verið væri að misnota nekt fólks og misnota ást. Ítrekað kemur fram að strákunum þykir klám óraunverulegt og segja að verið sé að sýna ranghugmyndir fólks af kynlífi. Erik segir að klám sé „Þegar fólk er að elskast og það elskar ekki hvort annað“ og Bjarki segir: „Kellingarnar ... þær eru bara öskrandi og eitthvað þegar þær fá það.“ Í því samhengi nefnir Erik að „Fólk er bara að græða peninga á því að stunda klám, stunda vændi ... Þær eru að selja líkama sinn eða eitthvað.“ Hér voru skiptar skoðanir meðal strákanna og Erik ítrekar sýna skoðun og segir: „Stelpurnar, þær eru að hafa mök til þess að græða peninga. Þær eru að selja líkama sinn fyrir öðrum. Þær eru að leika í klámmyndum fyrir peninga.“

Strákarnir í yngri hópnum tóku ekki allir undir þetta og Guðmundur vildi meina að þetta væri allt öðruvísi, vændi og klám væri ekki það sama. Þór tekur undir og segir klám er eitthvað sem er birt almenningi, en vændi er eitthvað sem er meira afsíðis, meira falið. Þegar leið á þessar vangaveltur fóru þeir að viðurkenna að það væri sumt sem klám og vændi ætti sameiginlegt, eins og Magnús komst að orði: „Ég meina vændiskonur geta alveg þjónað alveg fullt af fólki.“

Í blandaða hópnum var athyglisvert að fylgjast með ólíkum áherslum. Þau voru öll á móti klámi, en það var mjög misjafnt hvað þau voru tilbúin að ganga langt í að fordæma það. Þau lýstu því að þau voru ósammála um sumt sem snertir klám.

Stelpurnar voru líklegri til að taka skýra afstöðu á móti klámi. Þórunn talar um að sumt klám sé mjög brútal og að það sé verið að framleiða ógeðslegt klám. Arnar segir hins vegar að það sé ekki allt klám þannig.

Oft og tíðum var komið inn á það hversu óraunverulegt klámið er. Guðrún veltir því fyrir sér hvort að klám „myndi ekki missa sinn stall sem klám ef að það væri ekki eitthvað svona semi-ómennskt. Laust við allar tilfinningar og væmni og allt það.“ Arnar vill meina að það sé „til þess að fólk geti horft á það án þess að fá samviskubit.“ Það er verið aðeins að kíkja inn í einkalíf manneskjunar. Klám eigi sem sagt að vera kynlífsörvun, án þess að fá samviskubit. Arnar vill meina að margar klámmyndir séu kynferðislega örvandi fyrir fólk. Rósa bendir hins vegar á að mörkin geti færst í sambandi við hvað örvar: „Það gengur alltaf lengra og lengra. Það er alltaf verið að prófa eitthvað nýtt.“ Arnar bætir við að það sé alltaf verið að slá einhver met í einhverjum hópreiðum. Þeim finnst sem sagt mjög erfitt að komast niður á einhverja skilgreiningu á klámi því í því felist svo margt og ekki auðvelt að útskýra það. En Þórunn segir þó: „Þú veist hvað klám er þegar þú sérð það.“

Pau ræddu þó nokkuð um muninn á klámi og erótík. Guðrún segist halda að munurinn á milli erótíkur og kláms sé í raun og veru þær tilfinningar sem eru á milli fólksins. Pau skoða þetta frá ýmsum sjónarhornum og tala um að klám sé opinbert kynlíf. Stúlkurnar eru líklegri til að koma inn á neikvæðar lýsingar á klámi og tala um niðurlægingu og segir Rósa að í klámi birtist kúgun kvenna.

Til þess að átta sig á hvað er klám og hvað er ekki klám veltir Viggó fyrir sér muninum á klámi og því sem er klámfengið og segir: „Er það ekki líka spurning um hvort að það sé munur hvort að eitthvað sé klám eða hvort eitthvað sé klámfengið. Auglýsingar geta verið klámfengnar án þess að vera beinlínis klám. Hvort að það sé eðlismunur á því?“ Blandaða, elsta hópnum finnst erfitt að negla niður ákveðna skilgreiningu. Arnar segir í þessu samhengi að „klám fyrir einhverjum getur verið öðruvísi fyrir öðrum“ og þá berst talið aftur að erótík:

*Arnar: En af því að vorum að tala um erótískt. Þá eru svona erótískar listir, málverk og ljósmyndir. Þar sem að listamaðurinn fær innblástur frá þessum kynhvötum, því að það er ein sterkasta hvöt mannsins.*



*Rósa: Kannski líka að í erótík er eitthvað fallegt í því. Á meðan að manni finnst að klámmyndir og svoleiðis vera að reyna að kalla fram eitthvað svona næstum því ógeðsleg viðbrögð. Sumt af því sem að maður sér er eitthvað svona afbrigðilegt.*

*Arnar: En sumir eru bara afbrigðilegir og vilja bara afbrigðilegt klám. Ef við erum bara að tala um venjulegt klám. Það er ekki endilega afbrigðilegt.*

Pegar blandaði hópurinn var síðan spurður hvað væri venjulegt klám, þá tók Arnar það fram að venjulegt klám innihéldi ekki blæti, en bætti síðan við að klám væri sem slíkt ekki venjulegt. Það mætti samt sem áður ekki setja samasem merki á milli alls kláms, það mætti ekki flokka allt klám með því grófasta.

Þrátt fyrir að þeim þætti erfitt að skilgreina klám, þá fannst þeim samt sem áður mikilvægt að það væri skilgreint. Guðrún talar um að ef að það eiga að vera lög um klám þá finnst henni að það þurfi að vera til einhver skilgreining. Það væri samt sem áður auðvelt að fara fram hjá skilgreiningu, hvernig sem skilgreining væri. Guðrún talar einnig um að það væri glatað ef að einhver lögga gæti bara sagt: „Mér finnst þetta vera klám.“ Þau minnst á hegningarlögin og tala um hversu almenn þau eru og að það skorti nákvæma lýsingu á klámi. Þórunn segir í því samhengi: „Þannig að ég sé ekki hvernig við eigum að vera að skilgreina þetta ef að æðstu menn ríkisins geta ekki skilgreint þetta.“ Rósa bætir við að þeir þori því bara ekki og telur að líklega stafi það af því að það ríki skiptar skoðanir um þessi mál.

Guðrún spyr hópin hvort hægt sé að tala um einhverja fegurð í klámmyndum. Rósa vill reyndar meina að hún hafi bara ekki séð nóg af klámmyndum til þess að geta lýst því nákvæmlega. Viggó bendir á hversu mikið vesen það sé að negla niður skilgreiningu á klámi og finna hvar mörkin liggja: „Þetta er endalaust vesen. Ef að það eru samfarir sem er komið á videóupptöku, þurfa þær alltaf að vera klám.“ Þórunn og Rósa velta því fyrir sér hvort mörkin liggja í upptökunni, hvort að kynlíf sé orðið klám um leið og það er tekið upp, eða hvort það sé þegar það er gert opinbert. Þórunn bætir við þeirri vangaveltu hvort að klám sé leikið kynlíf. Guðrún vill meina að ef það eru ekki tilfinningar milli fólks sem er að stunda kynlíf þá séu þau „í raun að stunda klám, af því að þau eru að ríða.“ Í þessu samhengi lýsir Rósa því þegar hún sá einu sinni klámmynd með vinum sínum:

*Rósa: Flestir voru að hafa eitthvað gaman af þessu. En líka þetta var bara ógeðslegt, konan kemur og gaurinn er að brunda framan í hana og liggur við að kaffæra henni í vatni og ég veit ekki. Þetta er bara allt eitthvað svoona, verið að nýðast á konunni og hún á einhvern veginn að fíla það. Og söguþráðurinn er mestmegnis algjört grín náttúrulega. Það er bara engin virðing í gangi.*

Það kom ítrekað fram hjá báðum stúlknaþópnum að klám væri allt annað en kynlíf og samband milli tveggja einstaklinga þar sem væri ást, tilfinningar, traust, vinátta og virðing til staðar. Þær töldu að ef slíkt væri til staðar í kynlífsmyndum þá væru þær ekki eins ógeðslegar og það væri jafnvel ekki hægt að skilgreina það á sama hátt ef það væri sýnt með slíkum tilgangi og þá með listrænu ívafi. Eins tóku yngri stúlkurnar það fram að þótt þeim þætti ógeðfellt að taka kynlíf upp á myndband, en það væri samt ekki klám ef þær gerði það fyrir sjálft sig og væri ekki að dreifa því.

Í umræðu um kynlíf fannst eldri stúlkunum og flestum yngri að það væri bara mjög náttúrulegur og eðlilegur þáttur í tilverunni og að það ætti ekki að vera skammarlegt. Þær töldu kynlíf eiga að vera privat mál tveggja einstaklinga og tengdu það ást og tilfinningum. Þetta voru bæði yngri og eldri stúlkurnar sammála um.

*Svala: Það (kynlíf) er náttlega bara, það er náttlega bara lífið, það er náttlega bara náttúrulegur hlutur af lífinu skilurðu, en þetta (klám) er eitthvað svoona sem maður ætti einhvern veginn ekki að þurfa að gera ... (kynlíf er) alls ekkert skammarlegt eða neitt, þetta er náttlega geðveikt eðlilegt og eitthvað, - en ekki eitthvað að taka það upp og setja það á netið.*

Þó voru tvær í hópi yngri stúlkanna, þær Halla og Solla, sem fannst ógeðslegt að ungir krakkar á þeirra aldri væru að stunda kynlíf. Höllu hreinlega bauð við tilhugsuninni að stunda það og fannst ógeðslegt að nota kynlífsleikföng, en sagðist þó vera fylgjandi notkun getnaðarvarna. Hún hafði reyndar sögur að segja úr fréttum um misnotkun á börnum sem hún hafði greinilega séð þegar hún var yngri og bauð við því og einnig nefndi hún að stelpum væri gefið lyf í drykkina sína í partýjum og síðan væri þeim nauðgað. Flestum í yngri hópnunum fannst það of snemmt að krakkar á þeirra aldri (14 ára) væru byrjaðir að stunda kynlíf því þau væru í raun bara börn ennþá. Þeim fannst réttast að byrja á því þegar krökkum fyndist þau vera tilbúin og væru alveg viss um það. Kolbrún sagði að í kynfræðslumynd hefði hún séð mann sem sagði að þetta væri bara svoona fullorðinsleikur og ekki fyrir börn og hún sagðist vera

sammála því. Höllu fannst Biblían þó ganga of langt með að fólk yrði að vera gift þegar það stundaði kynlíf, því það væru ekkert allir sem giftust. Þær ræddu aðeins um það að það væru 9-13 ára stelpur að verða óléttar og margar fari í fóstureyðingu svona ungar að aldri. Halla tók það fram að hún væri ekkert á móti fóstureyðingum, en henni fyndist þó ekki að þær ættu að vera leyfilegar þegar um þriggja mánaða fóstur væri að ræða því þá væri það orðið barn.

Unglingarnir voru sammála um að líklega væri nokkuð mikil pressa á sumum á þeirra aldri að byrja að stunda kynlíf, ef þeir væru í þannig félagsskap og yngri stúlkurnar voru vissar um að pressan kæmi frá strákunum á stelpurnar, þó var ein þeirra sem nefndi að pressan gæti komið í vinkonuhópnum. Þær sögðust þó ekki hafa fundið fyrir slíkri pressu frá sínum vinum og í kringum sig.

Aðspurðar um þeirra eigin tilfinningar gagnvart klámi sögðust stúlkurnar engan áhuga hafa á því og töldu fáar stelpur hafa áhuga á því. Þær sögðu að það vekti ranghugmyndir og hjá sumum ógeð, þeim fyndist það subbulegt og jafnvel sorglegt. Stúlkurnar í báðum hópnum nefndu þó að þær væru nokkuð vissar um að ef stelpur hefðu áhuga á því eða væru að horfa á það þá væru þær ekki að tala um það. Yngri stúlkurnar voru algjörlega vissar í sinni sök að stelpur væru ekki að horfa á svona, þær hefðu engan áhuga á því og hjá þeim virtist þetta vekja mikinn viðbjóð og ógeð.

*Edda: jááá mér finnst það bara svo mikið einhvern veginn, mér finnst það bara eins og fólk í þessu bara beri enga virðingu fyrir sjálfum sér og séu bara, þú veist, þetta er náttlega bara fyrir peninga þannig séð, eða ég veit það ekki, það er allavega það sem ég get ímyndað mér að fólk sem fer í þetta að það sé bara desperat fyrir peninga, en já mér finnst þetta bara svona hálf sorglegt ... já svona pathetic eitthvað bara.*

*Svala: ... svoltið svona lægsta stig þú veist... svona algerlega last resort bara.*

*Halla: ... mér finnst klám svo mikil niðurlæging fyrir konur, ... kallinn sé aðal og konurnar eigi bara að vera svona eitthvað kynlífsþrællinn hans! ...mér finnst klám bara alger niðurlæging fyrir konur! Ég er ógeðslega mikil kvenréttindamannseskja sko ... (líka) niðurlægjandi fyrir karla að horfa á klám ... mér finnst það bara geðveikt niðurlægjandi!*

Einnig var rætt aðeins um það hvernig tegundir af klámi þær teldu að væri til og var þá nefnt dýrklám, barnklám, einhvers konar blæti (e. *fetish*) homma- og lesbíuklám

og S&M (e. *sado maso*). Stúlkunum tóku sérstaklega fram að þeim finnist barnaklám og dýraklám „það allra ógeðslegasta“ og fannst það rangt.

*Svala: Það er náttlega til svona geðveikt fetish þú veist, ... og líka ógeðslegt eitthvað svona dýra eitthvað ógeð!... Það er til svona S&M eitthvað dæmi, sado maso og bara ég veit það ekki, allt sem selur örugglega*

*Edda: Já maður hefur heyrt fólk vera að tala um þú veist dýraklám og eitthvað þannig sem er náttlega bara ógeðslegt, mér finnst það bara ööööðð ... þú veist, það er bara svo **rangt***

Þegar strákarnir hafa verið að lýsa og fjalla um klám, þá hafa tilvísanir í kynlíf verið mjög áberandi. Þess vegna var ákveðið að spyrja sérstaklega út í hvernig þeir skilgreindu tengslin á milli kláms og kynlífs.

*Þórður: Kannski til dæmis ef að þú sefur hjá manneskju sem að þú þekkir og þetta er kannski ekki beint einhver þörf, heldur bara viljinn til þess að sofa hjá þessari manneskju þá er það kynlíf. En ef þú sefur bara hjá einhverjum sem þú hefur enga sérstaka löngun til, bara af því að þetta er falleg manneskja eða eitthvað, þá myndi það kannski frekar vera klám. Ef að þú sérð bara manneskju og ég veit ekki, er bara „einnar nætur gaman.“*

Þórður heldur áfram og segir að hann haldi að í gegnum klám hafi margir sín fyrstu kynni af kynlífi:

*Þórður: Já því að samfarir og klám eru oft tengt. Það eru stöku myndir sem þú sérð í sjónvarpinu sem að eru að sýna kynlíf. Þegar maður var lítill og það voru samfarir, upp á söguþráðinn. En annars held ég virkilega að fyrstu kynnin séu í gegnum klám, oftast. En það er ekki kannski beint kynlíf.*

Það er einmitt komið inn á þetta nokkrum sinnum í öllum hópunum, að í klámi er að finna ranghugmyndir um kynlíf. Það er spurning hvort að einhver taki eitthvað bókstaflega sem kemur fram í klámi. Einar vill meina að sumir geri það: „Sumir gætu tekið alveg bókstaflega það sem er að gerast í svona myndum.“

Í yngri hópnum leggur Erik áherslu á að honum finnst maður eigi að stunda kynlíf þegar maður er tilbúinn til þess. Magnús bætir við að það eigi að vera með einhverjum sem maður treystir. Í blandaða hópnum er einmitt lögð áhersla á að vera meðvitaður og að það sé mikilvægt að gera sér grein fyrir því að maður þarf ekkert að vera tilbúinn í allt. Mikilvægt er að umhyggja, virðing og skilningur sé til staðar á

milli einstaklinga og löngun af beggja hálfu. Arnar bendir síðan á að fólk getur stundað kynlíf án ástar og tilfinninga. Rósa tekur undir það en segir að samt sem áður verði að vera virðing til staðar og segir að margir krakkar á hennar aldri eigi bólfélaga án þess að elska þá, en á milli þeirra sé virðing.

### **Klámvæðingin - fjölmiðlar, auglýsingar, netið, almannarýmið**

Það kom mjög skýrt fram í öllum viðtölum, bæði við stúlkur og drengi að þeim þykir mikið um klám og tilvísanir í klám og kynlíf víða í samfélaginu án þess að þau vildu sækja í það. Fundu þau helst fyrir þessu í gegnum fjölmiðla, sjónvarpið, auglýsingar, tónlistarmyndbönd, internetið, símalínur og einnig var rætt töluvert um strippstaði og klám- og kynlífstækjaverslanir í miðborg Reykjavíkur. Stúlkunum fannst það miður að svo mikið væri um þetta hér á landi í almannarýminu og á stöðum sem fólk varla kæmist hjá því að ganga fram hjá, án þess að það væri að sækja í það. Þær töluðu einnig um að þeim þætti ekki sniðugt fyrir börn að alast upp við slíkt og það gæti verið áfall og sjokk fyrir barn að upplifa klám í kringum sig.

Eldri stúlknaþópurinn ræddi töluvert um auglýsingar sem þeim fannst vísa í klám og kynlíf. Svo virtist sem þeim fyndist það ekki eiga heima í auglýsingunum sem nefndar voru þar sem verið var að auglýsa matvöru, bíla og bjór.

*Edda: Auglýsingar fyrir svona... hlátur, kjarnafæði er kannski ekki alveg svona klúrt, "veldu gæði, veldu kjarnafæði" (syngur og hlær)*

*Svala: Æji, það er verið að auglýsa eitthvað kjöt eða eitthvað og þú veist, það er bara einhver gella með hundinn eitthvað að pósa fyrir framan eitthvað grill, þetta er bara algerlega fáránlegt!*

*Edda: Já fáránlegt, hvort hún er ekki bara á bikini eða eitthvað, svo kemur "veldu gæði..."*

*Svala: Síðan bara eitthvað, besta lambalærið!*

*Edda: Já ég vissi ekki að það tengdist voða mikið lambalæri*

Báðir stúlknaþóparnir töldu að mikið væri um kynferðislegar tilvísanir og kynlíf í bíómyndum og sjónvarpsþáttum. Þeim fannst óþægilegt og leið asnalega að lenda í því að horfa á slíkt efni með foreldrum sínum og fjölskyldu. Þær voru allar sammála

um að maður ætti ekki að horfa á svoleiðis sjónvarpsþætti eða bíómyndir með mömmu sinni og pabba, eða eins og Halla sagði: „Foreldra manns langar ekki að sjá ... litlu dóttur sína vera að horfa á eitthvað svona.“

Í framhaldinu hélt umræðan svo áfram og kom inn á tónlistarmyndbönd sem stúlkunum fannst orðin heldur mikið afklædd og fannst þau hafa tilvísanir í klám. Einnig nefndu þær sjónvarpsþætti og bíómyndir og eldri stúlkurnar vissu af strák sem fékk eitthvað út úr því að horfa á Fashion TV, því honum fannst stelpurnar þar svo flottar.

*Svala: æji þú veist svona, eins og þarna pússíkat þarna myndbandið sem við vorum að tala um, já sem er eitthvað þú veist, æji þær eru bara eitthvað að lalla eitthvað þarna og dansa eitthvað geðveikt sexí eða þú veist, ... þær byrja í frekar litlum fötum í myndböndunum og fara síðan úr því og eru því í enn minni fötum og þetta er alltaf eitthvað svona, á alltaf að vera geðveikt sexí og eggjandi og eitthvað, þú veist, þetta snýst ekkert um eitthvað að gera skapandi tónlist, þetta náttlega bara er komið út í þú veist eitthvað rugl ... já síðan þegar ég var að horfa á þetta myndband og þú veist, svona helminginn af laginu eru þær bara eitthvað ööhhhh bara eitthvað að stynjandi. ... OK – þetta er bara eitthvað þú veist, ég veit ekki hvort það á að vera eitthvað geðveikt sexí fyrir kalla eða eitthvað, ég veit það ekki.*

*Halla: ... klám er líka í bíómyndum (aðallega amerískum) bara svona venjulegum bíómyndum, þú veist, bannað innan 12, þá er kannski eins og American Pie, þá var þú veist verið að geraðað með óbó ... sérstaklega unglíngamyndum og svona ... æji bara svona kynferðislegt og bara svona eitthvað rugl ... bara svona eitthvað sem er ekki í alvöru.*

Strákarnir tala líka um það hversu áberandi klámið eða tilvísanir í klám og kynlíf sé í tónlistarmyndböndum og sjónvarpi. Ólafur telur það vera ódýra leið til þess að fá fólk til taka eftir myndbandinu og laða að. Í þessu samhengi nefna þeir sjónvarpstöðina Popptíví. Þórður segir algengt að konur birtist þar dansandi í einhverjum stuttum klæðum: „Þá sérð þú alltaf einhvern að dansa og það er svona í níutíu prósent tilfella þegar þú kveikir á, þá er það fyrsta sem þú sérð er þetta.“ Þeir hafa líka orðið varir við þetta í auglýsingum:

*Einar: Eins og bara þegar verið er að auglýsa eitthvað og þá er bara einhver geðveikt flott kona.*

*Þórður: Já nákvæmlega eins og þegar eitthvað fólk að kyssast og þá bara allt í einu kemur bara bíll og þá er þetta orðin bílaauglýsing. Kannski virkar þetta til að*

*fólki horfi á þetta. En ég held að þetta virki ekkert til þess að selja einhverjar vörur. Ekki endilega. En kannski tónlist, mest spilaða myndbandið kannski. En ég myndi ekki kaupa mér bíl af því að ég sá einhverja stelpu í myndbandinu.*

*Einar: Það er bara lélegt að þurfa að nota svoona aðferðir.*

Þegar hingað er komið fara strákarnir í eldri strákahópnum að velta fyrir sér hvaða áhrif það hafi á listakonur eins Christina Aguilera og Britney Spears að fara þessar leiðir.

*Einar: Mér finnst þetta ekki gera lítið úr listamanninum. Af því að Britney Spears er til dæmis alveg fáranlega rík og hún græðir alveg á þessu. Hún er alveg geðveikt rík og þær helstu eru að græða á þessu.*

*Þórður: Þetta gerir kannski lítið úr þeim sem persónum. Það er ekkert, þetta er auðvitað þeirra val. Britney Spears getur alveg hætt þessu núna. Hún á alveg margar milljónir.*

Þeim finnst konur stíla inn á ákveðið útlit og ákveðna hegðun til þess að vekja athygli og að lokum til þess að græða. Í sjálfu sér finnst þeim það ekki niðurlægandi af því að endanlegu markmiðinu er náð; frægð og frama. Þá er spurt hvernig þetta lítur út fyrir karlmenn. Þá nefna þeir rappmyndbönd, þar sem að þeim finnst áberandi að konur séu dansandi í léttum klæðum. Það eykur sölu á tónlistinni sem verið er að kynna í myndböndunum. Erik kemur hins vegar inn á hvernig honum finnst kynin birtast í slíkum myndböndum: „Það eru aldrei stelpurnar sem eiga gaurana. Það eru bara strákarnir sem að ... það eru bara stelpurnar sem dansa í kringum þá.“ Strákarnir í yngri hópnum voru sammála því að í þessum myndböndum ráða karlkyns listamennirnir yfir konunum sem dansa í kringum þá. Erik bætir við: „Og (þeir) geta gert hvað sem þeir vilja við þær.“ Þegar þeir voru spurðir hvort þeir tengi þetta eitthvað við klám þá komu blönduð svör og Guðmundur vildi meina að „...þetta er ekki beint klám. Klámið er meira svona kynlíf.“

Blandaði hópurinn var sammála því að klám væri mjög áberandi. Stelpurnar í þeim hóp voru ekki hrifnar af þeirri þróun og fannst það mjög slæmt hvernig þetta er að þróast, jafnvel ógedslegt.

*Guðrún: Maður getur ekki orðið labbað um neitt án þess að sjá klám þannig séð. Það er gífurleg klámvæðing í samfélaginu. Allar auglýsingar sem eru í gangi snúast að öllu leyti eða að meiri hluta einhvern veginn í kring um kynlíf, klám og nekt.*

*Rósa: Slæmt bara, að fólk haldi virkilega að það þurfi að fara í þennan pakka í staðinn fyrir að gera bara virkilega góða auglýsingu. Maður hefur séð virkilega góðar auglýsingar sem er ekkert klámfengið í.*

*Arnar: Það er einmitt auglýsing hjá Sisley þar sem einn gaur stendur á miðri myndinni og er í svona smóking, í einhverjum djammfötum. Og það voru tvær konur sem stóðu við hliðina á honum í g-strengnum bara berar að ofan og hann heldur svona utan um rassinn á þeim svona.*

Þessi hópur hafði þælt heilmikið í hvernig svona hlutir birtast í auglýsingum. Þau þuldu upp margar auglýsingar sem þeim fannst að lögð væri meiri áhersla á að sýna konur á klámfengan máta en að sýna vöruna sem verið væri að auglýsa. Þar á meðal nefna þau hamborgara auglýsingu sem Paris Hilton kemur fram í. Hún er fáklædd að borða hamborgara og yfirskriftin er „Þetta er heitt“, en Paris Hilton er hvað þekktust fyrir að hafa komið fram í kynlífsmyndböndum sem dreift var á netinu.

Þegar drengjahóparnir voru inntir eftir því hvenær þeir tóku fyrst eftir klámi sögðust þeir hafa verið ungir þegar þeir höfðu einhverja vitneskju um það. Ólafur talar um að hann hafi ekki verið orðinn gamall þegar hann vissi hvað klám var.

*Ólafur: Þegar maður var lítill þá vissi maður alveg hvað klám var. Þótt að maður hafi ekki einu sinni verið byrjaður í skóla. Fimm ára eða eitthvað.*

Þrátt fyrir að vera ekki gamlir þá vissu þeir af klámi. Þórður tekur hins fram að þeir vissu kannski hvað þetta var, enda hafði þeir ekki séð neitt. Það var alveg hægt að ímynda sér eitthvað, þegar þeir heyrðu eitthvað talað um þetta á leikskólanum. Í grunnskóla vissu þeir alveg hvað klám var. Þeir tóku það líka fram í því samhengi að þetta er miklu meira áberandi í dag, að þetta hefði breyst frá því að þeir voru yngri. Þórður telur vera miklu meira um þetta í dag:

*Þórður: Líka af því að eins og núna þá er miklu meira um klám en fyrir tíu árum. Eins og þegar ég var í skóla, tókum bara sem dæmi tónlistarmyndbönd, sumir „listamenn“ þetta er flest ekki samiði af þeim. Eins og til dæmis „Pussycat Dolls“ eða eitthvað. Það er bara næstum því komið úti klám eða það er eiginlega klám.*



Í yngri hópnum tala þeir oft um að hafa orðið varir við klám hér og þar, meðal annars í sjónvarpinu, búðum, bíómyndum og það komi fyrir að einhver nemandi komi með klámblöð í skólann. Í þessum hópi töluðu þeir nokkrum sinnum um það að hafa séð klám á sjónvarpstöðinni Sýn. Þegar þeir voru spurðir nánar hvort að þeim finnst klám vera áberandi í bíómyndum, þá játa þeir því og velta fyrir sér í leiðinni hvort kynlífssena sé það sama og klám. Þá svara þeir því að í bíómyndum liggi eitthvað meira á bakvið, persónurnar tengjast. En í klámm myndum sé það bara einhver og einhver að stunda kynlíf.

Þegar umræðan barst svo að netinu og aðgenginu þar, sögðu bæði drengir og stúlkur að þar væri varla hægt að komast hjá því að sjá klám og það væri mjög mikið framboð af klámi á netinu. Stúlkurnar töldu unga stráka hafa mikið aðgengi að klámi á netinu. Yngri stúlkurnar höfðu áhyggjur af því að ungir krakkar yrðu fyrir svona sprettigluggum eða *popups* og höfðu sjálfar orðið fyrir því oft alveg óvart og óumbeðið. Einnig sögðu þær að klámið væri komið inn í tölvuleiki og að auðvelt væri að nálgast þá þótt þeir ættu að vera bannaðir.

*Svala: Já það er fáránlegt að, maður getur varla verið, ef maður er kannski á netinu ... maður kemst bara eiginlega ekki hjá því að ... sjá eitthvað svona brot ... þessu er eiginlega bara troðið upp á mann*

*Edda: Já þessu er bara hálfpartinn troðið upp á mann ... maður getur gúglað bara þú veist banani – þó það sé kannski full augljóst, en þú veist, þá kemur bara upp bara 700 myndir af typpum bara - banani! Þú veist, þetta er svo fáránlegt einhvern veginn, þetta er svoona hálfpartinn að troða þessu upp á mann ... það eru örugglega bara milljón, milljón, milljón klámsíður á netinu.*

*Svala: Það er samt ekkert bara á netinu, það er náttlega í sjónvarpi og eitthvað ... þetta er svo mikil klámvæðing náttlega ... það er samt líka komið sko klám í suma tölvuleiki, eitthvað svoona Grand Theft Auto ... þá ferðu bara og pikkar upp einhverja hóru á götunni, þú veist, það eru ábyggilega einhver dæmi um það að einhver strákur hafi bara gert það... bara tekið bíl og byssu eða eitthvað, skotið mann og pikkað upp hóru og eitthvað svoona, þú veist, mér finnst svoltið skrítið að það sé hægt að gera það í tölvuleik sem er seldur bara í Skífunni.*

Strákarnir eru sammála og tala líka um það hversu algengt þetta er á netinu.

---

*Ólafur: Þetta er út um allt á netinu. Maður getur giskað á síðu og þá kemur eitthvað. Maður getur skrifað eitthvað og þá kemur örrugglega klámsíða.*

*Pórður: Vinkona mín, hún skrifaði nafnið sitt: Anna.com. Þá var hún bara komin á klámsíðu. Það er alls staðar eitthvað. Líka þegar ég var lítill var leikjasíða sem ég fór alltaf inn á, svoona til þess að svindla í leikjum og eitthvað svoleiðis. Svo gerði ég stafsetningavillu, ég gerði einn staf vitlaust og þá var ég kominn inn á klámsíðu. Ég hef farið inn á aðra síða þar sem það eru leikir og klám inn á sömu síðu.*

Þeir tala einnig um að þeim finnist þetta hafi aukist með tímanum og tengja þeir þetta við fólk sé að reyna að græða á þessu. Netið er nýtt og það er alltaf eitthvað nýtt að koma fram. Þegar yngri strákahópurinn var búinn að telja upp alls konar staði þar sem klám birtist og þeir voru spurðir hvar klám væri algengast og mest áberandi fannst þeim það vera netið. Einnig er það algengt að klám birtist skyndilega í litlum sprettluggum. Bjarki talaði meiri segja um það að hann hafi lent í því að klám hafi birst þegar hann var að vinna að verkefni á netinu í skólanum.

*Magnús: Maður kannski gúglar Rússland eða eitthvað svoleiðis og þá kemur allveg fullt af þessu.*

*Rósa: Ég held samt að endaparmsmök og svoleiðis komi ekkert endilega þaðan endilega. En internetið hefur gert það að verkum hversu auðvelt það er nálgað klám.*

*Daníel: Þú kemst líka varla hjá því að sjá það þegar þú ert að skoða internetið í dag.*

Mjög áhugaverðar umræður vöknudu þegar farið var að tala um klám í almannarýminu og svo virtist sem þeim fyndist það mjög óþægilegt að það skuli vera til staðar í eins miklum mæli eins og raun ber vitni. Þá töluðu þær um að á sumum stöðum væri hreinlega ekki hægt að komast hjá því að sjá það og vita af því og fannst það ekki boðlegt umhverfi fyrir börn að alast upp við. Yngri stúlkunum fannst að það ættu alls ekki að vera súlustaðir á Íslandi, því Ísland væri svo saklaust. Þær töldu næsta vísit að vændi viðgengist á súlustöðum og einkadans væri stundaður. Þær töldu að slík störf væru gífurlega vel launuð en fannst miður að erlendar konur væru að stunda slíkt til að sjá fyrir börnunum sínum, þrátt fyrir að hafa háskólamenntun.

---

*Svala: ... þegar ég var í tónmenntarskóla, þurfti ég alltaf að labba framhjá Vegas og þar, síðan er komið eitthvað Erotica shop þar við hliðina á og önnur þar við*

*hliðina á!... ég þurfti alltaf að labba þarna (frá því ég var 8 ára þangað til bara núna í vetur), bara næstum því á hverjum degi í hverri viku ... það er svo óþægilegt ef það væri nú einhver sem maður myndi þekkja eða eitthvað ... það mætti hafa þetta svona aðeins faldara, þú veist, Club Óðal ... er bara þarna beint þar sem maður er alltaf að labba ... ef maður fer til útlanda eða eitthvað, eins og í París, þú veist, þetta er bara gata sem þú bara ferð þangað ef þig vantar eitthvað ... já ég myndi leggja fram semsagt þá tillögu sem borgarstjóri að ... bara hafa þetta ekki alveg svona opinbert.*

*Edda: já þú veist, 7 ára krakkar labbandi fram hjá þessu þú veist; "já pabbi já" (lék eins og hún hitti pabba sinn) – það er samt skárri hérna en eins og til dæmis í Amsterdam. Amsterdam er náttlega bara eitthvað kynlífs-dóp-borg ... það er bara sex shop, sex shop alls staðar ... það er hálf skrítið þegar eru einhverjir litlir krakkar labbandi um þarna að þau séu svona ógeðslega mikið ... exposed, þú veist ... einhvern tímann labbaði ég óvart inn í Rauða hverfið þegar ég var 12 ára með vinkonu minni og það náttlega var bara frekar traumatizing, bara einhverjar gellur labbandi um og svona feitir sveittir gaurar ... maður er ekki einhvern veginn tilbúinn fyrir svona að vita svona hluti þegar maður er 12 ára ... það var bara hálf gert sjokk ... en maður kannski þarf ekkert að fara þangað, ekki eins og hérna þar sem ef maður þarf að labba niður Hverfisgötuna þá þarf maður að labba fram hjá þessu ... mér finnst það ekkert eitthvað voða skemmtileg tilhugsun að það séu einhverjir 8 ára krakkar, eins og þarna á Hverfisgötunni, það eru svona myndir bara af einhverjum gellum á nærfötunum, ... og mér finnst það einhvern veginn eins og það sé hálf skrítið að vera að gefa einhverjum litlum krökkum ímynd að þetta; "þetta eru fullorðnir, fullorðnir eiga að vera svona."*

*Svala: ...maður les um svona einhverjar konur sem koma hingað frá útlöndum og fara að vinna á þú veist strippbúllum til að vinna fyrir börnunum sínum í Rússlandi eða eitthvað, vegna þess að þetta er víst bara eitthvað geðveikt borgað sko, ... ég var einmitt að lesa eitthvað viðtal við einhverjar þrjár um daginn og ... ein var alveg með góða menntun skilurðu allavega BA eða BS próf í einhverju ... svona líf- eitthvað ... og þú veist hún bara vinnur sem einhver strippari á Íslandi ... af því að hún kom frá Úkraínu ... það er bara lélegur efnahagur og þú færð bara ekkert vinnu og þú veist síðan bara græðir hún meira á þessu og hefur eiginlega ekkert, þú veist, hún þarf bara að sjá fyrir börnunum sínum, þannig að þetta er svona neyðarúrræði eitthvað*

Aðspurðar að úrræðum ef þær hefðu vald til að breyta sögðust þær vilja setja því einhverjar skorður hvernig það birtist í almannarýminu og vildu frekar hafa þetta einhvers staðar í sér götu eða sér hverfi þar sem það þyrfti ekki að vera fyrir allra augum.

---

## Hverjir fyrir hverja? - Neytendur, leikendur, framleiðendur

Báðir stúlknaþóparnir voru á þeirri skoðun að klám væri að mestu framleitt af körlum fyrir karla en að konur væru þar í áberandi hlutverki leikara. Halla nefndi líka að það gæti líka verið framleitt fyrir lesbíur en þeim fannst ólíklegt eða vissu ekki til þess að það væri til mikið af klámi fyrir konur. Dísu velti því þó fyrir sér hvort konur væru að horfa á hommaklám. Þær minntust á það að konur og stelpur væru bara þroskaðri og meiri tilfinningaverur og þótt þær gætu alveg haft áhuga á kynlífi þá hefðu þær ekki áhuga á klámi. Þær töldu að ungir drengir og eldri karlar væru neytendur kláms að mestu en þó gæti verið að einstakar konur hefðu áhuga á þessu og mögulegt að sum þör notuðu það. Stúlkurnar sögðu að það væru aðallega graðnaðlar, unglingsstrákar að drepast úr hormónum, piparsveinar, fráskildir menn, menn sem eiga sér ekkert líf, sveittir gamlir karlar og gamlir perrar sem horfðu á klám. Þeim fannst greinilega óhugsandi að fjölskyldufeður eða afar þeirra væru að horfa á svona. Halla benti á að kannski væri sniðugast að spyrja bara strákana í þeirra bekk um þetta því þeir vissu miklu meira um það en þær. Strákar væru að horfa á þetta en ekki stelpur. Hún var á þeirri skoðun að strákar sæktu í þetta af því þeir væru forvitnir og hún var fullviss um að strákar fróuðu sér „*ekkert smá mikið sko*“ en sagðist aldrei hafa skilið hvernig konur færu að því.

Þótt þær teldu líklegast að það væru að mestu karlmenn sem framleiddu klám þá gátu eldri stelpurnar samt séð fyrir sér að þar gætu konur líka átt einhvern hlut að máli í einstaka tilfellum. Þeim fannst þó ekki eins algengt að sjá birtingarmyndir af karlmönnum í klámvæddum heimi og í almannarýminu. Það kom einnig fram í umræðunni að þeim þætti það mjög óþægilegt ef þær vissu að góðir vinir þeirra eða ættingjar (strákar og menn) væru að horfa á klám.

*Svala: ... svona gaurar um fimmtugt sem eru búnir að vera í eitthvað geðveikt löngu hjónabandi ... þú veist, það tengist örugglega geðveikt svona grái fiðringurinn bara, allt í einu finnst þeim þeir vera svo mikið eitthvað hönk og þurfa bara að fá eitthvað miklu yngri stelpur.*

*Edda: já svona 13 ára strákar sem náttlega vita ekkert mikið hvernig þetta er svona raunverulega og halda að þetta sé rosa spennandi af því þeir vita ekkert um þetta ...ég veit það ekki, ég held að flestir strákar geti samt alveg skilgreint muninn á þessu af því maður sér náttlega alveg að þetta er fjaránlegt, þetta eru*

*svo óraunverulegar aðstæður alltaf. Ég held að flestir strákar sem eru ekki alveg tómir í hausnum geti alveg skilgreint muninn á þú veist raunverulegu kynlífi og klámi, held ég - vona ég*

Þegar strákarnir voru spurðir um hvort þeir verði mikið varir við það að talað sé um klám í kringum þá, svarar Ólafur því að „... það er náttúrulega mest það sem er talað um örrugglega, það er alltaf einhver.“ Þeir telja að það ríki misjafnar skoðanir um klám og Þórður talar um að sumir sem tjá sig um klám séu hneykslaðir á klámi og það sé oft þannig sem umræðan um klám byrji. Einar tekur undir það og segir að fólk sé á móti þessu og Ólafur, sem er kannski jákvæðastur gagnvart klámi, talar samt um að fólk hneykslist á klámi af því að það brjóti á fólki. Þessi umræða á sér stað á meðal allra og einnig á meðal strákana. Oft byrjar það líka á því að það er svo einfalt að tengja marga hluti við klám og segir Ólafur að það sé hægt að tengja allt við klám. Til dæmis ef að maður talar um einhvern leikara og svoleiðis. Hann lýsir því einnig hvernig klám kemst inn í daglegt tal og samskipti og nefnir dæmi um það þegar maður er með vinum sínum og labbar framhjá einhverri stelpu. Þá segja flestir „Djöfull væri ég til í að taka hana.“ Klám kemur oft upp í alls konar samhengi og Ólafur er þeirrar skoðunar „... að flestir unglingar skoði klám. Allavega strákar. Ég held að það séu meira strákar.“

*Þórður: Strákar tala allavega meira um það ...*

*Ólafur: Þegar maður spyr stelpu hvort að hún kíkji á klám eða klámsíður, þá neita þær því.*

*Sverrir: Það var fræðsludagur hjá hópnum mínum og það var spurð spurning „hver ykkar hefur séð klám?“ og bara þrjár stelpurnar réttu upp hendina og svo drógu tvær það til baka.*

Þegar þeir eru spurðir út í það af hverju þeir halda að stelpur tali minna um klám, þá vill Einar meina að þetta sé meira feimnismál hjá stelpum. „Ég held að það sé bara meira talað um þetta meðal stráka held ég.“ Þórður vill meina að það ríki bara önnur viðhorf og að strákar horfi bara meira á klám. Það er semsagt meira áberandi á meðal stráka að það sé talað um klám og það sem tengist klámi að þeirra mati.

*Þórður: Það er bara algengara að konum finnist þetta hneykslunarvert en körlum.*

*Einar: Strákum á líka að vera meira sama um þetta, kærulausari. Þegar maður horfir á bíómyndir þá er oft verið að tala um klám en ekki oft í einhverjum stelpumyndum. Það ber meira á því í bíómyndum að karlmenn tali um þetta.*

Þegar strákarnir í yngri hópnum voru spurðir um hvernig klám birtist í umræðunni þá svarar Erik því að „... klám er eitthvað svo eðlilegt í dag eitthvað finnst mér.“ Þegar þeir eru síðan spurðir hvort þeir verði varir við hvernig stelpur ræði um þessi mál þá segja þeir að það sé ekki áberandi, „... þær kannski tala ekkert um það við okkur, kannski við hinar stelpurnar.“ Þegar þeir eru síðan í beinu framhaldi spurðir hvort að þeir hafi það á tilfinningunni að stelpur séu á móti klámi, þá svara þeir því flestir játandi og segir Þórður: „Bara eins og við vorum að tala um áðan, þá er sú ímynd í þjóðfélaginu að karlar geri þetta og konur ekki og þá er reynt að höfða til karla og ekki til kvenna.“

Þó að strákarnir vildu kannski meina að konur horfi eitthvað á klám, þá fór það ekki á milli mála hjá þeim að karlmenn væri miklu meiri neytendur á klámi. Þórður sem skar sig svolítið úr hópnum með því að tala skýrar á móti klámi en hinir, talar um að þegar klám er rætt í hans hópi, þá er ekki rætt beint um klámið sjálft, heldur frekar um einstaklinga sem neyta þess:

*Þórður: Já, alveg típískt af þessum að. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn, það er oft verið að segja að „Þeir þarna eru alveg pottþétt að skoða eitthvað klám.“ Þeir nenna kannski ekki að fara að gera eitthvað eða svoleiðis. Þó að fólk meini kannski ekkert með því. ... Það er náttúrulega neikvætt. Það getur náttúrulega verið þú veist neikvætt fyrir persónuna, segjum að þú sért að kynnast nýrri manneskju og vinir þínir segja þetta við hana. Þá getur það náttúrulega verið neikvætt fyrir þau samskipti.*

Í framhaldinu af því að spá í neytendur kláms ræddum við líka aðeins um það hverjir væru þá að leika í svona myndum. Stúlkunum virtist finnast að það væri ekki alveg venjulegt fólk sem færi út í að leika í svona myndum. Þeim fannst það skammarlegt og niðurlægjandi og voru nokkuð vissar í sinni sök að þetta væri ekki starf sem fólk segði foreldrum sínum og ömmu sinni frá með stolti. Í yngri hópnum komu raddir um að mögulega myndu foreldrar styðja börnin sín í að gera svona eins og að fara á Playboysetrið og höfðu séð það í þátt í sjónvarpinu. En Solla sagðist viss

um að foreldrar gerðu það ekki ef þau elskuðu börnin sín nógu vel. Þau komu öll nokkuð inn á það að orsökina fyrir því að fólk færi út í þennan bransa gæti legið í erfiðleikum í æsku og uppeldisastæðum.

*Edda: ... maður getur ekki ímyndað sér að maður myndi ekkert fara að leika í einhverri klámmynd nema maður væri eitthvað bara annað hvort bara virkilega fokktopt eða bara desperat í peninga og bara, ... þetta er svo **sorglegt**, maður sér alveg að þetta eru bara einhverjar stelpur og kannski strákar sem eru bara þú veist, annað hvort eru þau bara eitthvað skítin og finnst þetta bara gaman eða það er bara eitthvað að! Það er bara ekkert alveg fullkomlega heilbriggt fólk sem fer í þetta!*

*Svala: þetta er líka svona hálf skammarlegt, vandræðalegt, ég meina það myndi enginn bara koma eitthvað til mömmu sinnar bara geðveikt stolt; ég er klámstjarna! ... þetta er ekki eitthvað svona sem maður dreymir um sem barn að gera í framtíðinni.*

*Edda: ... ímyndaðu þér bara fullt af einhverjum sveittum gömlum köllum séu eitthvað geðveikt mikið að horfa á þetta öööööddðhh ... þetta er svoltið svona niðurlægjandi fyrir fólkið bara að annað fólk sé eitthvað að horfa á svona myndir, og líka þú veist ég get ekki ímyndað mér að þau fari að segja ömmu gömlu svona*

*Halla: ... þetta fer sko mikið eftir uppeldinu á börnum, hvað þeim finnst um þetta, ef foreldrar þeirra eru bara alltaf að segja þeim hvað þetta er ógeðslegt og eru bara svona feministar og bara svona kvenréttinda, þá bara gerist ekkert svona við þær, en ef þú veist foreldrarnir hafa kannski einhver ættmenni sem hafa gert þetta, finnst þetta alltilagi*

*Solla: ég held að engum foreldrum finnist þetta alltilagi nema þau séu eitthvað rugluð sko.*

*Iðunn: það er örugglega eitthvað að hjá fólkinu af því það er engin eðlileg manneskja sem vill vera í svona ... örugglega bara misnotuð eða eitthvað*

*Svala: kannski eitthvað svona, lagt í einelti og eitthvað svoleiðis bara ógeðugt eitthvað, síðan hefur hún bara farið í sílikon eða eitthvað og verið bara eitthvað "ahh look at me now" skilurðu "ég er að sofa hjá öllum" bara*

Það virtist einnig nokkuð almenn skoðun meðal unglunganna að þetta væri sennilega oft fólk í neyð og þetta væri bara spurning um peninga til að lifa af. Þau virtust flest tengja þetta dópheimi eða einhvers konar neyð. Þau töluðu líka um að sumir væru ábyggilega neyddir til þess að taka þátt í svona og stundum væri um raunverulegar nauðganir að ræða. Þó töldu þau líka að sumir gætu haft það nokkuð gott fjárhagslega

í þessum bransa og sumir væru jafnvel bara ríkir og frægir af þessu, en það væri bara toppurinn af ískjakanum.

*Edda: bara, "ég hef engan pening, ég ætla að verða klámstjarna"! það er reyndar alveg fullt af alveg vöðalega vöðalega ríkum klámstjörnum, aðallega svona frægar klámstjörnur eins og þú veist sem eru bara mjög ríkar og hafa grætt mjög mikið á þessu, en það er fullt af líka, örugglega einhverjar þúsundir af einhverjum stelpum sem gera þetta fyrir 100 dollara út af því að þær eiga engan pening ... Já það er líka, það þarf að vera eitthvað í hausnum á manni sem er eitthvað öðruvísi en það sem ég myndi kannski skilgreina sem venjulegt til þess að vilja vera í klámmynd*

*Svala: líka ábyggilega eitthvað þú veist peninga, einhverjir sem hafa leiðst út í fíkniefni eða eitthvað svona tengt því og líka kannski einhverjir sem hafa bara, maður hefur alveg heyrt dæmi um að stelpur eða konur eru bara eitthvað þú veist neyddar, þú veist, það er bara lofað eitthvað geðveikt góðu lífi og eitthvað svona rugl, eða þú veist, ég hef eitthvað lesið um þetta*

*Edda: það þarf samt að vera eitthvað þú veist, annað hvort er það bara eitthvað fáránlega – af því þótt manni vanti pening þá getur maður alveg fengið pening, maður þú veist ... það væri sama þótt ég ætti engan pening, bara fátækasta manneskja í heimi – ALDREI gera það, af því þetta er bara svo mikil vanvörðing gagnvart sjálfum sér.*

*Svala: líka svona eins og maður les um svona einhverjar konur sem koma hingað frá útlöndum og eitthvað og fara að vinna á þú veist strippbúllum til að vinna fyrir börnunum sínum í þú veist Rússlandi eða eitthvað og vegna þess að þetta er víst bara eitthvað geðveikt borgað sko ... ég var einmitt að lesa eitthvað viðtal við einhverjar þrjár um daginn og þú veist ein var eitthvað menntaður eitthvað, alveg með góða menntun skilurðu alvega BA eða BS próf í einhverju ... og hún bara vinnur sem einhver strippari á Íslandi ... af því að, hún kom frá Úkraínu eða eitthvað, það er bara lélegur efnahagur og þú færð bara ekkert vinnu og þú veist síðan bara grædir hún meira á þessu og hefur eiginlega ekkert, þú veist, hún þarf bara að sjá fyrir börnunum sínum, þannig að þetta er svona neyðarúrræði eitthvað*

*Svala: ... það er ekkert glansímynd að vera klámstjarna en allar þessar sem eru eins og eitthvað Playboy, Hugh Hefner ... það sé kannski svona rétt yfirborðið, einhverjar eru þannig og einhverjar bara skíttríkar skilurðu af þessu*

Talandi um Hugh Hefner, Playboysetrið og Önnu Nicole Smith sem hafði gifst karli á tíraðisaldri að þær héldu, þá sagði Halla: „fallegar konur eru ekki mikið fyrir 90 ára gamla kalla, það er bara þannig ... svona geta menn með mikla peninga gert ... þú veist, hann (Hugh Hefner) er bara spilltur ... peningar spilla manni!“



Þó nokkuð var rætt um að útlit klámstjarna væri oft og tíðum ekki alveg eðlilegt og þar væri viðhöfð mikil útlitsdýrkun á þó nokkuð óeðlilegu útliti. Þá var minnst á brjóstastækkanir, fegrunar- og skurðaðgerðir sem þættu sjálfsagður hlutur í þessum bransa og fannst þeim það gefa óraunverulega, ýkta og afskræmda mynd af fólkinu.

*Edda: Það fyrsta sem mér dettur í hug í kringum klám er svona Jenna Jameson týpur, svona gellur með geðveikt gervileg brjóst, bara, eitthvað svona geðveikt lýtalæknar og ógeðslegar*

*Hulda: svona ýkt og fullkomið einhvern veginn*

*Edda: samt... æji ég veit það ekki, ja svona fullkomið í þessu hlutverki, ég myndi persónulega ekkert vilja vera með eitthvað svona stór brjóst (leikur með höndum risa brjóst) og vera bara eitthvað labbandi um ... ég myndi ekkert vilja vera eitthvað pamelá anderson sko, en ég meina, það er örugglega eitthvað fólk sem vill vera þannig og finnst það rosa fallett að vera svoleidis*

*Hulda: ... allt svona einhvern veginn ýkt eða þú veist, sem venjulegt fólk er ekki oftast, lítur ekki þannig út*

Við veltum einnig aðeins fyrir okkur hverjir væru helst framleiðendur klámmynda og fannst stúlkunum líklegt að það væru helst slísí og skrítnir karlmenn eða peningaáhugamenn. Í fyrstu sáu þær nú ekki fyrir sér konur sem framleiðendur klámefnis, en veltu því þó upp síðar í viðtölunum að þó gæti verið um einstaka konu að ræða í því hlutverki. Edda sagði að það fyrsta sem henni dytti í hug væri „svona einhver feitur sveittur gaur, eitthvað svona hálf krípí sveittur gaur.“

Þegar verið að ræða hvernig klámiðnaðurinn virkar og hverjir taka þátt í honum, voru flestir strákarnir líka sammála því að þessi iðnaður væri kannski ekki á sama stalli og aðrar starfsstéttir.

*Þórdur: Oft þegar ég hugsa um klám, þá hugsa ég um fólkið. Það eru mjög fáir í Harvard sem eru að stunda klám. Þú veist eru að leika í því. Þannig að það er kannski oft verið að notfæra sér aðstæður fólks. Eins og þegar þú sérð alveg fullt af fólki sem býr við slæmar fjölskylduáðstæður, vantar pening jafnvel til þess að halda uppi fjölskyldu. Þannig að það getur verið neikvætt hvernig það er framleitt, virkilega þannig.*

Í eldri strákahópnum var tekið undir það að það væru erfiðar aðstæður sem gerði það að verkum að það væri í að vinna í klámiðnaðinum. Ólafur nefnir að sumir gera þetta kannski til þess að komast í gegnum skóla.

*Pórður: Það er oftast þannig að sá sem „leikstýrir“, það er nú ekki mikið verið að leikstýra kannski, en hann er oft í smá svona valdasessi. Af því að hann sér manneskju, oft, ég er ekki að segja að þetta sé svona alltaf. Hann sér kannski manneskju sem er svolítið fêpurfta, gefur henni pening til að gera eitthvað. Og þessi manneskju myndi kannski aldrei gera þetta undir venjulegum kringumstæðum. Hún verður kannski að gera það útaf einni eða annari ástæðu.*

Líkt og stelpurnar gera hér að ofan þá vill Einar meina að það fari engin sjálfviljugur í þetta. Flestir gera svona vegna neyðar eða kynlífsfíknar. Það er engin sem velur sér eða dreymir um að leika í klámmyndum. Í yngri strákahópnum voru þeir á þeirri skoðun að fólk væri þvingað í þetta og það væri yfirleitt konurnar frekar en karlmennirnir. Erik vildi meina að það væru frekar til einhverjir karlmenn sem myndu sækjast eftir þessu. Þetta væru samt oftast konur sem þurftu á peningum að halda. Konur sem voru á götunni eða háðar eiturfjum. Þór tók það fram að það fylgir því ekki stolt að hafa leikið í klámi. Þegar því var velt fram af hverju karlmenn væru líklegri til þess að vilja vinna við klám, reyndi Erik að útskýra sína skoðun.

*Erik: Kannski ekki hjá öllum. Sumir hafa kannski gaman af þessu. Bara einhverjir hressir karlar. Það er líka eins og við sögðum klámmyndir eru oft þannig að það eru kellingarnar sem að eru þvingaðar, eru bara eins og tuskudýr.*

Bjarki tekur undir þetta og segir að hann geti ekki ímyndað sér að það sé þægilegt fyrir konurnar að stunda endaparmsmök. Magnús vill meina að konur þurfa að leggja mikið á sig til að þola hluti eins og endaparmsmök. Þar af leiðandi vilja þeir meina að svona gerir fólk aðeins fyrir peninga. Erik ítrekar þetta og að þetta sé mikill sársauki sem fylgir þessu oft. Að auki bætir hann við:

*Erik: Maður sér aldrei misnotaða gaura eða stráka. Ef það er, þá er það minna. Ég held líka að þetta geti hvatt til nauðgana og svona. En þá heldur fólk að þetta sé allt í lagi og það bara gerir þetta.*

Þór undirstrikar að ef að fólk sér svona hluti í klámi, þá eru það líklegra til halda að þetta sé í lagi, þ.e.a.s. að undirmeðvitundin haldi að þetta sé allt í lagi. Guðmundur

er þeirrar skoðunar að „... það fari líka eftir hvernig persónan túlkar klámið eða hvernig hann skilur það. Að þekkja muninn á röngu og réttu.“

Krakkarnir í blandaða hópnum tala líka um muninn sem er á því hvernig konur birtast í klámi. Þórunn finnst „... þær yfirleitt vera teknar upp sem kynlífsþrælar.“ Arnar tekur undir það að í flestum klámmyndum er það þannig. Það er farið með þær eins og einhverja hluti. Guðrún skafar ekkert af því hvað henni finnst: „Þeir gætu alveg eins verið bara með einhverja plastdúkku í gangi, uppblásna dúkk.“ Stelpunum finnst þetta sérstaklega gervilegt. Samt eru þau í blandaða hópnum líkegri til þess að vilja skoða þetta frá fleiri sjónarhornum.

*Þórunn: Sum eru kannski bara að leika sér. Eins og með Goldfingar hérna heima á Íslandi. Stelpa sem er að vinna með mér, hún þekkir stelpu sem er að vinna þarna. Sú stelpa er alveg að fíla það í tætlur. Hún vill þetta. Aftur á móti hvað vitum við hvort að hún sé að feika þetta upp eða ekki. En allavegana hefur henni verið boðið vinnu annars staðar, en hún hefur haldið áfram að vinna við þetta. En af hverju ættum við að getað sagt um hverja einustu klámmyndastjörnu. Hvort hún vilji þetta eða ekki, sumir eru útaf mansali í þessu, að sjálfsgöðu.*

Þau tala um að peningar skipta miklu máli í þessu samhengi. Það breyti því samt sem áður ekki að reynsla margra í þessu er ekki jákvæð. Þórunn heldur áfram og segir að „það er fjöldi af fólki að leika klámmyndum og taka upp myndir og það fær að heyra ... ‚brostu ... annars lem ég mömmu þína.‘ “ Hún lýsir því einnig þegar ein fyrrum klámmyndastjarna gaf út ævisögu.

*Þórunn: Hún gaf út einhverja bók og henni leið ekkert vel. En hvað er hægt að vita. Hún og vinkona hennar eru ekki að fíla þetta í tætlur. Þær eru að fá pening útúr þessu og frægð. Þetta eru kannski stelpur sem hafa dreymt um það alla ævi að verða ríkar og frægar. En þær komumst ekki í venjulegar bíómyndir og af hverju leika þær ekki bara í klámmyndum, þeir verða líka frægar þar.*

Arnar tekur undir það að veruleiki klámmynda-leikkvenna getur verið grimmur og nefnir dæmi þar sem klámstjörnur segjast ekki stunda kynlíf, nema fyrir kvikmyndavélina. Þær hafa ekki áhuga á kynlífi lengur. Þórunn bætir við að hún hafi alveg heyrt sögur um klámiðnaðinn þar sem fólk hafi lent í kynferðislegu ofbeldi.

Hjá flestum viðmælendum er komið inn á það að þetta snúist oft um peninga. Enda er þetta stór iðnaður. Þeir taka það hins vegar fram að ríkja vissar hugmyndir um þá sem hafa orðið ríkir í tengslum við klámiðnaðinn. Í þessu samhengi nefna þeir

Hugh Hefner. Ólafur segir að það sé bara fínt hjá Hefner að vera í þessum viðskiptum, „hann græðir á þessu“ og undir það tekur Þórður sem segir Hugh Hefner vera dæmi um mann sem hafi grætt mikið á þessu og kannski vilji aðrir reyna að gera það sama.

### Áhrif kláms og afleiðingar

Þegar liðið var á viðtölin og þó nokkrar umræður höfðu skapast um skilgreiningar og viðhorf gagnvart klámi og því hvernig klámvæðingin birtist í samfélaginu fórum við í framhaldinu að velta fyrir okkur með þeim hvort klám gæti mögulega haft einhver áhrif á fólk sem á það horfði. Það vakti þau þó nokkuð til umhugsunar og komu fram heilmiklar hugleiðingar í þeim efnum. Stúlkurnar komust að niðurstöðu um að líklega hefði klám áhrif á marga þætti samfélagsins og nefndu þær hluti eins og viðhorf karlanna til kvenna, hlutgervingu, sjálfsmynd, átraskanir, sambönd, klæðaburð, jafnréttismál og ofbeldi. Einnig veltum við fyrir okkur hvort valdatengslin í kláminu skiluðu sér mögulega í samskiptum kynjanna á öllum sviðum hjá þeim sem væru neytendur.

Edda talaði um strákavini sína og hvernig hún upplifði að vera innan um þá þegar hún hafði séð þá horfa á klám. Þær töluðu um að vinir þeirra og margir strákar væru vonandi nógu skynsamir til að gera greinarmun á klámi og raunveruleika, en fannst þó líklegt að það hefði áhrif á viðhorf og samskipti sumra sem þess neyttu.

*Edda: ... ég fór einhvern tímann heim til vinar míns sem ... á bara 700 gígabæt af klámi á tölvunni sinni eða eitthvað og þá eru þeir strákarnir bara eitthvað, sitjandi og horfandi á þetta eitthvað bara hahahah vá sjáðu þetta og eitthvað, geðveikt mikið að þæla í þessu! Bera þetta saman við aðrar klámmyndir og svoona hlæja að þessu, þeim fannst þetta bara fyndið einhvern veginn, en samt ógeðslega mikið að tala um þú veist gelluna ... en samt einhvern veginn bara í hálfgerðu djóki eins og þetta væri bara, eins og þetta væri bara eins og að horfa á bíómynd eða eitthvað ... ég sat þarna bara, eina stelpu eitthvað og þeir voru bara eitthvað að horfa á þetta og ... svo var þetta frekar gróft og þeim fannst það bara geðveikt fyndið og ógeðslega venjulegt og mér fannst það bara hálf svoona öööööðð og þeir voru allan tímann bara talandi um gelluna, ... eins og þetta væri bara hlutur, ... þú veist, strákarnir sem voru þarna þeir eru samt ógeðslega finir strákar. ... ég meina, ég myndi ekki vilja að þeir væru að tala um mig svoona sko ... en ég held það hafi alveg áhrif á einhverja sko.*

*Svala: hljóta samt einhverjir að gera sér grein fyrir að þetta ... er ekkert raunveruleikinn. ... En ég vona samt að einhverjir séu nógu skynsamir til að láta það ekki hafa áhrif á sig.*

Stúlkurnar töldu næsta víst að klámið og tónlistarmyndböndin hefðu áhrif á klæðaburð kvenna og sjálfsmynd og jafnvel mætti rekja átraskanir til þess. Þær sögðu að hlutgervingin væri mikil og áberandi og konur væru eins og sýningargripir. Þeim fannst geðveik útlitsdýrkun í gangi og fannst það ekki alveg heilbriggt, en töldu það þó vera líka fjölmiðlum og auglýsingum að kenna. Einnig töldu þær að væntingar ungra drengja væru skekktar vegna þess hvernig konur eru birtar í klámi, þeir ætluðust til að konur litu þannig út og jafnvel að þær gerðu eins og í klámi.

*Svala: ... í bænum á kvöldin sér maður bara eitthvað endalausar stelpur bara, þú veist, það er náttlega skítakuldi og við búum á Íslandi og það er ekkert eitthvað gott veður hérna alltaf, það verður ógeðslega kalt á kvöldin, og þær eru bara eitthvað berleggjadar í einhverjum svona pils (leikur mjög stutt pils) og einhverjum hlírabolum með eitthvað, hingað flegnir (leikur aftur suttan bol) og eru bara eitthvað; "hahah, mér líður svo vel"! og þú veist, það er bara, þú veist, þær eru ekkert í þessu út af því að þeim líður eitthvað vel eða út af því að þeim er geðveikt hlýtt eða eitthvað, þær eru kannski bara meira að reyna að höfða til einhverra gaura eða þannig.*

*Halla: þú veist, venjulegar stelpur eru ekki svona ... þetta líka ýtir undir að stelpur fái átröskun og fari í lýtaaðgerðir ... þetta er líka bara í svona tónlistarmyndböndum og bara einhverjar sætar stelpur að dilla rassinum og ... þá langar öllum að vera þannig.*

*Solla: já maður verður svo óánægður með sjálfan sig og eitthvað*

Stúlkurnar töldu einnig að klám gæti haft áhrif á sambönd, bæði þegar litið er til viðhorfa karla til kvenna og líka í samskiptum og kynlífi karla og kvenna. Þær virtust vera á einu máli um það að virðing drengja fyrir stúlkum minnkaði ef þeir vissu að hún svæfi hjá strákum án þess að vera í sambandi með þeim og ef hún svæfi hjá nokkrum. Þær virtust einnig sammála um það að kynlífi ætti helst að fylgja ást og tilfinningar. Þær töldu að klám hefði ekki góð áhrif á sambönd og gæti eyðilagt hjónabönd ef maðurinn er neytandi kláms eða sækir súlustaði og kaupir sér hórur.

*Svala: ... kannski er konan ekkert eitthvað geðveikt sátt við að fatta bara að eiginmaður eða kærasti sé bara alltaf skoðandi klám, svoltið óþægilegt*

*Edda: já mér fyndist frekar mikið óþægilegt, ég get ekki ímyndað mér að það væri voða gott fyrir sambandið ... mér fyndist það ekkert voða þægilegt (hlær og hinar segja líka nei) ég myndi örugglega verða brjáluð (hlær)*

*Edda: ... persónulega finnst það eitthvað svona öðð af því að einhvern veginn er það þannig að til dæmis ef þetta er ákveðin stelpa, ... þetta er svo mikið ... einhvern veginn þannig að strákar, það er öðruvísi viðmið ef strákar sofa hjá öllum en ef að stelpur gera það. ... Ég veit það ekki, kannski það sé einmitt eitthvað svona klámtengt, en það er bara þannig að það virkar stundum að strákar mega bara sofa hjá hverjum sem er og stelpur eru bara hórur ef þær gera það ... þú veist automatískt þá hafa strákar minni virðingu fyrir henni, þá er ekki eins og þeir hafi rosa mikla virðingu fyrir henni sem manneskju, þeir hugsa bara "já æji, hún sefur hjá öllum, hún sefur örugglega hjá mér líka".*

*Halla: það sem mér finnst líka ógeðslegt er það að ef kona heldur framhjá þá er hún hóra, ef kall heldur framhjá þá er hann þú veist "the man" eða e-ð svoleiðis, ef kall er með mörgum konum þá er hann bara svona bósi, ef kona er með mörgum köllum þá er hún hóra - það er ekki jafnrétti!*

Í framhaldinu af umræðunni um minni virðingu fyrir konum í kjölfar klámvæðingarinnar þá veltum við upp spurningum um hvort það gæti skilað sér út í samfélagsgerðina og jafnréttismálin þar. Þær töldu að klám gæti alveg haft skaðleg áhrif á jafnréttismálin í samfélaginu því það ýtti undir niðrandi viðhorf til kvenna sem ýtti þá undir skekkt valdatengsl. Það gæti alveg verið þess vegna sem konur væru til dæmis á lægri launum en karlar og að karlar beittu konur ofbeldi.

*Edda: ég myndi ekki segja að klám hefði voða góð áhrif á jafnréttismál, af því þetta er náttlega þannig flingur oft að þetta sé bara, konur eru bara hlutir, þá náttlega, manni finnst það bara þú veist í gegnum svona klám, þótt það sé kannski ekki verið að **reyna** að gera það þannig, en það er bara einhvern veginn þannig*

*Svala: ég held það sé samt ennþá smá þú veist, kona er ekki jafn mikils virði og karlmaður, eða þú veist, það kannski blandast einhvern veginn saman*

*Edda: já það er náttlega bara búið að vera að gefa þeim þannig ímynd, fólk er búið að þú veist núna bara í voða voða voða langan tíma*

*Svala: ... en sumir líta á það þannig að þú veist ef það er eitt starf og kona og karl sem eru kannski jafn hæf að þá eigi konan að fá það bara af því að hún er kona, eða þú veist, minna hæf jafnvel ... þá er það farið að fara í taugarnar á mér sko, þegar það er komið út í eitthvað svona rugl sko... annars er ég bara mjög mikill jafnréttissinni.*

Í yngri hópnunum veltu þær því fyrir sér hvort klámið gæti jafnvel haft áhrif á launamál kynjanna því öll samskipti og birtingamyndir kynjanna væru þannig að karlinn sé meiri, eigi meiri pening, fari í vel launuð störf og konur séu til sýnis fyrir þá og þær verði þar af leiðandi undir þeim og minna virði. Konur væru ritara og karlar forstjórar og þær næðu ekki að komast áfram þótt þær vildu það og reyndu. Aðspurðar að því hvernig hægt væri að breyta því sögðu þær að það yrði að vinna að jafnréttismálum og fá konu sem forsætisráðherra.

Það kom þó nokkuð oft fram að stúlkunum fyndist eins og verið væri að neyða konur út í klám og oft liti það út eins og vændi, eða sala á kynlífi, jafnvel gegn vilja þeirra. Þær töluðu stundum um það eins og það gæti verið hreinlega um nauðgun að ræða og við ræddum aðeins um það hvort klám gæti haft áhrif á ofbeldi og beinar nauðganir gagnvart konum. Þær voru allar á því máli að svo væri. Við ræddum líka valdatengslin og hlutverk kynjanna í þessum myndum og þær voru alveg með það á hreinu að konur væri yfirleitt eins og í þjónustuhlutverki fyrir karlinn og hann gerði bara það sem honum sýndist við þær.

*Svala: ... kallinn er svona meira dominating og gellan er bara eitthvað heiladauð ljóska sem liggur bara þarna eitthvað*

*Edda: já ég held að það sé bara oftast svona rosa mikið bara konurnar séu bara eitthvað þarna, séu bara þarna í þeim tilgangi að vera bara eitthvað ... ógeðslega easy og gengur ekkert út á að þær fái eitthvað út úr þessu.*

*Svala: já eins og kallinn eigi að finnast hann hafa eitthvað svona geðveik völd, - „ég get gert allt“*

*Edda: ... mér finnst það bara virka svoltið þannig, kannski er það þess vegna sem maður hugsar um vændi þegar maður fer eitthvað að hugsa um klám, það er svoltið þannig fílingur í því bara, eða þú veist finnst mér að það sé bara eitthvað, gengur út að á konur séu bara hlutir ... já ég held það, ég held að það sé meira bara, í klámi bara; „kona þú ert bara hlutur, gerðu allt sem ég segi þér að gera“ ... maður einhvern veginn hefur þannig ímynd um það*

*Svala: kannski einhverjir strákar sem að ... sækjast bara eftir að sjá einhverja klámmynd bara “ohh hvað þetta er geðveikt” og engin stelpa vill gera það með þeim þá kannski neyða þeir einhverja stelpu til þess og það*

*Edda: nauðgun ... já, ... flestir strákar held ég geta skilgreint (á milli kláms og kynlífs) ... en ég held að það séu örugglega sumir sem hugsa bara eitthvað “vú konur eru bara hlutir - ég má gera hvað sem ég vil við þessa konu”.*

*Svala: Það eru bara þeir sem ná ekki að skilja mörkin á milli raunveruleika og óraunveruleika ... sem er svona ákveðin vitfíring eiginlega*

Halla sagðist halda að fólk verði æstara af að berja hvort annað og meiða hvort annað og sagðist einu sinni hafa séð auglýsingu um handjárn í kynlífi og fannst það ótrúlegt. Dísu fannst það hins vegar mjög skrítið að hún skyldi halda það og spurði hana hlæjandi hvort hún héldi það í alvöru, því hún sagðist halda að það væri ekki betra í kynlífi að fólk væri að slá hvort annað og meiða.

Þegar reynt var að draga fram hvaða hugsanleg áhrif og afleiðingar klám getur haft, var margt sem komið var inn á. Að ofan var búið að koma inn á klámvæðinguna og anga hennar. Þórður talar um að þetta snúist eitthvað um vald. Það er hægt að lesa úr klámi að karlmaðurinn ráði ferðinni. Það er algengara að það sé gert lítið úr konum í klámi en karlmönnum. Í klámi er það látið líta þannig út. Karlmenirnir eru frekar miklar *macho týpur*.

*Erik: Það getur gerst að gaurarnir í þessum klámmyndum taka kellingarnar og fara með þær eins og þeim sýnist og þeir eru bara eins og tuskur. Þá fá kannski karlmenn hugmynd um að þetta sé allt í lagi og þá kannski gera þeir þetta og stelpun vill þetta ekki. Það fer líka eftir því hvað hann hefur mikinn þroska, sá sem horfir á klám.*

Þekking og þroski er mikilvægt til þess að geta greint klám réttilega. Þau í blandaða hópnum tala um hvernig þau sjá viss viðhorf vera áberandi hjá strákum gagnvart stelpum. Strákar eru orðnir líklegri til þess að vera háværi um hvernig þeim finnst stelpur eiga að vera.

*Rósa: Það er nú oftast í gríni, með svona grínbröndurum hjá strákum. Maður er kannski með einhverjum strákum „Af hverju klæðir þú þig ekki svona í svona stuttu pilsu og eitthvað svoléiðis.“*

Ákveðin ímynd er farin að vera áberandi og tala þátttakendur um hvernig það er farið að hafa áhrif á stelpur og konur. Í gegnum fjölmiðla og dægurmenningu fer ákveðin ímynd að vera ríkjandi.

*Rósa: Það sem er klámfengið selur og fallegar konur og fallegir karlar. Það var einhver rannsókn sem við fengum í hendurnar, að 75% kvenna töldu sig vera of feitar. En eru í alvörunni ekki voða feitar. Það er bara að fólk er ekki með*



*nóga mikið sjálfstraust. Það er ekki búið að byggja það nóga mikið upp. Þá sér fólk það aftur og aftur og þá heillar það sem er fallegt og flott og þykir æðislegt í samfélaginu. Þau eru svo hamingjusöm. Hún er með svo frábærum gaur og auðvitað selur það sko. Það vilja allir verða svona.*

Arnar telur svona þróun og aukin áhrif kláms geta leitt af sér neikvæða stöðu fyrir konur.

*Arnar: Klámmyndir sýna svona konur óæðri en karla. Að karlinn ráði yfir þeim og það kyndir svolítið undir kynferðislega áreitni á konur. Stelpur eru kallaðar þíkur, tussur og hórur og lessur. Konur eru eins og gangandi kynfæri.*

Guðrún tekur undir þetta og undirstrikar að strákar eru ekkert kallaðir typpi. Hér koma þau inn á eitthvað sem strákahóparnir og stelpurnar hér að ofan komu einnig inn á. Það er einmitt misræmi á þeim mælikvarða sem strákum og stelpum er settur varðandi kynlífsiðkun. Jóna bendir á það er líklegt að „ ... stelpur eru kallaðar druslur og strákar folar ... “, fyrir sambærilega hegðun.

*Rósa: Ég meina stelpur eru að sofa hjá nokkrum strákum. Þá er hún alveg bara hóra.*

*Jóna: En hann er bara maður.*

*Rósa: Þetta er eitt af því sem maður sér ekki bara í klámmyndum. Heldur alls staðar, í bíómyndum. Að karlmenn eiga að vera geðveikt sterkir og harðir af sér.*

Þau koma nokkrum sinnum inn á það hvernig ákveðnar kynjahugmyndir eru ráðandi. Í blandaða hópnum velta þau einmitt fyrir sér af hverju karlmenn virðast vera svo hrifnir af því að sjá tvær konur saman. Af hverju þetta er eitthvað sem er virðist ekki vera ríkjandi hugmynd meðal kvenna, þ.e. að sjá tvo karlmenn saman.

*Rósa: Ég held að þetta sé bara samfélagið. Ég held að þetta endurspegli samfélagið. Af hverju er það miklu almennara en með karlmenn? Ég held að það sé svolítið ..., að það eigi svolítið að vera þannig.”*

Það eru alls konar hlutir sem eru farnir að hafa aukin áhrif á hvernig stelpur sjá sig og Jóna lýsir því hvernig henni finnst viss útlitsdýrkun er farin að hafa áhrif á mjög unga krakka.

*Jóna: Ég hef heyrt af þrettán ára stelpu sem fór í lýtaðgera. Og útaf því að hún fékk leyfi frá móðir sinni, sem er í raun ólöglegt. Líka það að sálfræðingurinn er í rauninni kannski að skrifa uppá þetta. Því að það er engin önnur lausn. Það fer bara í djúpt þunglyndi og bara svona brjáluð útlistdýrkun. Það er bara engin önnur lausn en að fara í svona aðgerð.*

Í framhaldi af þessu velta þau fyrir sér hvaða áhrif þetta hefur á samskipti kynjana. Rósa kemur með dæmi úr sínum vinahópi.

*Rósa: Þótt það sé ekki á kúgun. Þá eru þetta strákar jafn gamlir og ég, allt fínir vinir mínir. En ég finn alveg mikið frá þeim, ég fæ að vera með þeim. En ég heyri alveg hvernig þeir tala um stelpur: „Stelpan sem þú sofst um daginn, djöfulega er hún leiðinleg.“ Það skipti kannski engu hvernig stelpan var. Ég hugsa að ég myndi ekki sofa hjá strák sem að mér finnst leiðinlegur. Þeir skilja það ekki. Ég er stelpa og allt, rómantísk og allt það. Einn vinur minn sem var alltaf að ná í eina og eitthvað þannig. Svo kom annað í ljós þegar maður spjallaði við hann bara einan. Sof bara þrisvar hjá kærustu sinni á einhverjum tíma. Þá skipti þetta ekki eins miklu máli. En í skólanum þá var „EHHH! Þannig að þetta hefur gífurleg áhrif á samskipti kynjanna.*

Þrátt fyrir að gera sér grein fyrir viðtækum áhrifum sem klám hefur á samfélagið og samskipti kynjanna finnst þeim eins og ekki sé hægt að banna það. Stúlkurnar í yngri hópnum tala um að þær vilji að aðgengið sé ekki eins auðvelt og það eigi að færa klám úr almennarýminu. Það kom sérstaklega fram hjá blandaða hópnum að það þýddi ekki að banna klám.

*Arnar: Af hverju. Ég held að það mundi bara frekar auka svartamarkaðsbrask. Það sem er bara verið að gera virkilega cheap myndir.*

*Viggó: Ég held að það sé ekki hægt að banna þetta.*

*Daníel: Ég held ekki heldur.*

*Guðrún: Ég held að það sé ekki hægt að útrýma klámi úr samfélaginu.*

*Þórunn: Það virkar ekki að banna eiturlyf ... hvernig á það að virka að banna klám?*

Í ljósi þess að ekki er hægt að banna klám tala unglingarnir í blandaða hópnum mikið um að leggja áherslu á fræðslu. Þeim fannst mikilvægt mótvægi við klámvæðingunni vera að veita fræðslu og fá unglunga til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

## Fræðsla

Svo virðist sem ungmennin séu sammála um það að hér á landi skorti mjög á kynfræðslu í skólum. Þau virtust sammála um það að hún ætti að snúast meira um kynlífsfræðslu heldur en um líffærafræðslu. Einnig fannst þeim að kynfræðslan ætti ekki að vera framkvæmd af kennaranum þeirra, heldur frekar af utanaðkomandi aðila sem þau gætu átt auðveldara með að spyrja. Þá nefndi einn hópur sérstaklega unga konu sem hafði komið í skólann til þeirra (eða á fund) sem hefði náð mjög vel til allra einmitt af því að hún var ekki kennari þeirra, hún var bara að spjalla við þau um kynlíf og þau höfðu greinilega haft mjög mikið gagn og gaman að því.

Eldri stúlknaþópurinn sagðist ekki ræða mikið um kynlíf við foreldra sína og vildu það helst ekkert því það væri of óþægilegt. Þær sögðu foreldra sína treysta sér því þær væru skynsammar stúlkur og færu ekki að gera eitthvað heimskulegt. Þær sögðust frekar myndu leita til vana sinna en til foreldra til að spyrja um kynlíf.

Aðspurðar um kynfræðslu í skólanum þá fannst þeim hún snúast of mikið um eintóma líffræði og kynfærafræði og höfðu þær ekki verið mjög áhugasamar um hana og fannst þær ekki læra mikið af henni sem þær ekki vissu fyrir. Þær sögðu hana ekki hafa verið gagnlega í að læra meira um kynlíf milli tveggja einstaklinga. Þær nefndu að þær hefðu séð bæði teiknimynd og leikna mynd sem áttu að höfða til unglunga en það hefði bara verið frekar hallærislegt og frekar fyndið.

Yngri hópnunum fannst það nauðsynlegt að fræða börn og unglunga um kynlíf og Halla sagðist viss um að það myndi mögulega draga úr aðsókn þeirra í klám, því þá væru þau kannski eins forvitin og gætu fengið almennilega fræðslu.

*Edda: ... ég hef reyndar alveg farið í kynfræðslu í þrem mismunandi löndum og það er bara, það er allt öðruvísi hvernig er tekið á kynfræðslu bara mismunandi. Í Ameríku var það voða svona "segjum krökkunum ekki neitt" þú veist, þetta var bara fáránlegt, svo í Hollandi ... við vorum í kynfræðslu þegar við vorum svona 11-12 ára eða eitthvað og ... maður var bara eitthvað "ok, ég vissi ekki þetta" og svo hérna (á Íslandi) í 9. bekk þá bara voru þeir svona að segja manni hluti sem maður vissi eiginlega alveg, þetta er ekki eins og maður sé að læra eitthvað voða mikið af því, þetta er bara eitthvað "þetta er smokkur" (hinar hlæja) þetta er voða svona einhver hlutur sem maður veit alveg þegar maður er orðinn 15.*

Í framhaldi af þessum umræðum um kynfræðslu erlendis vöknudu smá umræður í eldri stúlknaþóp um það hversu fátánlegt það væri að það væri allt í lagi að drepa fólk í bíómyndum en svo væru myndir kannski bannaðar vegna kynlífsatriða sem þó væru bara eðlilegt kynlíf og ekki klám. Þær voru sammála um að það væri eðlilegra að leyfa og sýna myndir þar sem fyrir koma eðlilegar kynlífssenur heldur en að sýna allt það ofbeldi sem er í bíómyndum.

Hér fyrir ofan hefur verið komið inn á hversu mikilvæg þekking og þroski er í þessu samhengi. Það hefur komið fram hjá flestum að ranghugmyndir eru ríkjandi í klámi og áhrif þess gera vart við sig á meðal unglunga. Í blandaða hópnun talaði Daníel um ungan pilt sem hann hafði talað við: „Eins og gaurinn í fræðslunni sem sagði að hann væri að læra þegar hann væri að horfa á klám.“ Þau í þeim hópi taka undir það að sumir unglingsstrákar hlæja bara af þeirri kynfræðslu sem er í boði í skólunum. Þessi blandaði hópur hafði mikla reynslu af því að vinna með yngri krakka og taldi það mikilvægt að fræðsla um kynlíf og klám myndi ekki koma frá umsjónarkennurum þeirra.

*Guðrún: Oft þurfa kennarnir að vera eitthvað harðir. Geta ekkert annað en verið harðstjóri yfir bekknum. Þá er kannski asnalegt að þau eigi að reyna að fá bekkinn til þess að treysta sér eitthvað.*

*Þórunn: Glætan að einhver strákur færi að segja við kennarinn sinn að hann hafi horft á klám. „Af hverju horfir þú á klám?“ „Til þess að læra.“*

Þau eru sammála um það virðist vera eins og skólarnir marki sér ekki neina stefnu hvernig á til dæmis að nota lífsleiknistíma, sem að þau voru öll sammála um að myndi henta til þess að veita svona fræðslu. Það myndi virka betur ef utanaðkomandi sérfræðingur myndi koma með fræðslu í skólana. Að þeirra mati þyrstir unglunga í fræðslu sem þyrfti að vera með þeim hætti að fjalla um kynlíf frekar en líffærafræði og þau tala vel um það þegar reynt hefur verið að höfða til unglunga í þessum málum.

## **Samantekt og umræður**

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í hvernig unglingar upplifa klám, þ.e.a.s. að öðlast dýpri og margþættari skilning á því hvernig unglingar upplifa og túlka klám í sínu umhverfi, hvaða skoðanir þau hafa á því og hvernig þau tjá sig um klám. Einnig var markmiðið að skoða hvort og hvernig stelpur og strákar upplifa og tjá sig um klám með ólíkum hætti. Jafnframt er þessi rannsókn hugsuð til að efla umræðu og fræðslu um áhrif kláms á ungt fólk. Meginkjarni rannsóknarinnar voru rýnihópaviðtöl við 28 unglunga á aldrinum 14-18 ára. Með því að rýna í fræðileg skrif og rannsóknir á klámi var reynt að leggja grunn að þeim lýsingum sem komu frá þátttakendum. Hér verða dregin saman þau þemu sem stóðu hvað helst upp úr.

Viðmælendur áttu ekki erfitt með að tjá sig um klám og aðra hluti sem þeim fannst tengjast því. Allir hóparnir voru á nokkuð sama máli um klám, en helst var þó hægt að greina mun á viðhorfum drengjanna. Meirihluti viðmælenda tók skýra afstöðu á móti klámi og fannst aðgengi að því of auðvelt og útbreiðsla of mikil, en þó voru nokkrir sem höfðu ekkert á móti því. Flest voru þau mjög meðvituð um innihald kláms og höfðu skoðanir á víðtækum áhrifum þess.

Þegar spurt er hvort að unglingar séu á kafi í klámi eða hvort að núverandi kynslóð sé svökölluð klámkynslóð, þá er svarið í raun og veru bæði já og nei ef marka má þennan hóp. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að unglingarnir voru mjög meðvitaðir um klám og höfðu ýmislegt um það að segja, en þó var ljóst að meirihluti þeirra hafði ekki áhuga á klámi og voru ekki neytendur þess þótt að án efa þekktu mörg þeirra aðra unglunga sem eru á kafi í klámi. Af þeirra lýsingum að dæma er klám alls staðar. Þá er vert að spyrja hvort að unglingar búi í klámvæddum heimi. Í ljósi þess að þau tala öll um að klám birtist í sjónvarpi, bíómyndum, tímaritum, dagblöðum, auglýsingum, almannarýminu og síðast en ekki síst á netinu.

## **Skilgreiningar og viðhorf til kláms**

Stúlkurnar skilgreindu klám sem kynlíf gert opinbert og til sýnis til að græða á og sögðu að klámmyndir væru óraunverulegt og tilfinningalaust bull í óraunverulegum aðstæðum. Þær töldu að klám væri því sala á kynlífi og líktu því við vændi og misnotkun á konum. Þær töldu klám vera mjög niðurlægjandi og tengdu það neyð í

mörgum tilfellum. Þær virtust sammála um það að klám væri bara innantómt og innihaldslaust kynlíf án ástar og tilfinninga og þeim fannst það fátíðlegt rugl og ekki hafa mikið með raunverulegt kynlíf að gera. Þær skilgreindu klám sem klámmyndir, myndir á netinu, allsberar konur, klámblöð, konur að selja sig, vændi, óraunverulegt og ógeðslegt kynlíf. Þær nefna hlutgervinguna og finnst konan sýningargripur í þjónustuhlutverki fyrir karlmanninn og líkja þessu við vændi og jafnvel nauðgun. Rauði þráðurinn í viðtölunum við báða stelpuhópana var hversu óraunverulegt, niðurlægjandi og ógeðslegt klámi væri.

Strákarnir þurftu aðeins að hugsa sig um þegar þeir voru beðnir um að skilgreina klám. Þeir töluðu um að það færi eftir aðstæðum og samhengi hvað flokkaðist sem klám, en komust að niðurstöðu um að klám væri iðnaður þar sem kynlíf er stundað án ástar og tilfinninga í þeim tilgangi að sýna það opinberlega og græða peninga á því. Þeim þótti klám óraunverulegt og tilfinningalaust og sögðu að klám fæli í sér nekt, kynlíf, hljódupptökur, strippstaði, auglýsingaskilti og netið. Áherslumunur var á því hversu langt þeir vildu ganga í að fordæma klám, en þó var aðeins einn af þeim sem tók það skýrt fram að hann hefði ekkert á móti því.

Í blandaða og jafnframt elsta hópnum voru allir á móti klámi. Stelpurnar tóku skýra afstöðu gegn klámi, strákarnir voru hins vegar ekki eins beinskeittir í sinni afstöðu og þeim fannst mörkin milli kláms og erótíkur ekki alveg ljós. Þó virtust þau flest sammála um að erótík væri ólík klámi á þann hátt að erótík væri listrænt efni sem legði áherslu á fegurð og virðingu. Þrátt fyrir að vera á móti klámi var mikið talað um hvað það væri erfitt að koma með endanlega og alhæfandi skilgreiningu á klámi. Í þeim hópi var meðal annars talað um að það sem er klám fyrir einum, er það ekki endilega fyrir öðrum og þau ræddu um hvar mörkin myndu liggja lagalega séð. Í þeim hópi var talað um að það væri ekki hægt að banna klám, því það myndi alltaf vera til staðar. Þeim fannst þó ekki boðlegt að klám væri eins aðgengilegt og raun ber vitni og fannst slæmt að börn kæmust mjög auðveldlega í það. Sú athugasemd kom einnig fram hjá hinum hópnum.

Það sem kemur fram í lýsingum unglunganna kemur heim og saman við skilgreiningu Russell. Eins og fram hefur komið skilgreinir hún klám sem efni sem

inniheldur birtingu á kynlífi og/eða sýnir kynfæri með misnotkun eða niðurlægingu á þann hátt að það virðist styðja, samþykkja eða hvetja til slíkrar hegðunar. Aftur á móti gerir hún skýran greinarmun og skilgreinir erótík sem kynferðislegar tilvísanir eða örvandi efni sem er laust við kynjamismunun, kynþáttarfordóma eða fóbíu gagnvart samkynhneigðum og hefur virðingu fyrir öllum mannverum og dýrum sem þar eru sýnd. Með þessum skýra greinarmun er hún að segja að það sem mælir á móti klámi er sú ofbeldisfulla birtingarmynd kynlífs og niðurlæging kvenverunnar í þeim, en ekki kynferðislegt innihald eða djarfar myndir.

Erfitt er að bera skilgreiningar þessarar rannsóknar saman við þær niðurstöður sem við höfum úr rannsókn Guðbjargar Hildar Kolbeins (2006) þar sem unglingar eru látnir merkja við tilbúin svör við því hvað þeim finnst vera klám. Þar segja 92-95% unglinganna að klám sé kynmök þar sem kynfæri eru sýnileg og um 68-75% segja það vera nakið fólk sem snertir sjálft sig eða hvort annað. Þessi svör koma reyndar heim og saman við það sem kemur fram í þessari rannsókn, en einungis að takmörkuðu leyti þar sem augljóst er að mun fleiri og ítarlegri skilgreiningar nást fram við að leyfa unglungunum sjálfum að koma orðum að því og skilgreina klám sjálf, í stað þess að vera með tilbúna skilgreiningar á blaði sem þau merkja við og hafa ekki tækifæri til þess að víkka út eða bæta við.

Kynlíf er að mati unglinganna allt annar hlutur en klám. Kynlíf er mjög náttúrulegur og eðlilegur þáttur af lífinu að þeirra sögn. Stúlkurnar töldu allar að kynlíf eigi að vera tengt ást og tilfinningum og strákarirnir voru sama sinnis, en reyndar kom fram hjá eldri krökkunum að kynlíf gæti alveg átt sér stað milli fólks án ástar ef þau langaði bara í kynlíf, en því yrði þó að fylgja virðing og samkomulag allra aðila. Krakkarnir nefndu að það gæti verið pressa á unglunga í dag að byrja að stunda kynlíf, sérstaklega í sumum félagsskap. Þau tóku þó fram að þau höfðu sjálf ekki orðið fyrir slíkri pressu. Þeim fannst áhyggjuefni að ungir krakkar á þeirra aldri væru að fá upplýsingar um kynlíf úr klámi sem ættu sér ekki stoð í raunveruleikanum og töldu klám ekki vera réttu leiðina til að læra um kynlíf.

## Í klámvæddum heimi

Allir unglungarnir voru sammála um að klám birtist þeim víða, þau sögðu það vera úti um allt. Þau nefndu í því sambandi fjölmiðla, sjónvarpið, auglýsingar, tónlistarmyndbönd, internetið, tölvuleiki, símalínur, strippstaði og klám- og kynlífstækjaverslanir. Stúlkurnar höfðu áhyggjur af því og fannst óþægilegt að þurfa að horfa upp á strippstaði og klám úti á götu, eldri hópnum fannst að það ætti frekar að vera meira afsíðis þar sem það þyrfti ekki að vera fyrir allra augum, á meðan yngri hópurinn vildi bara ekki hafa svoleiðis hér á Íslandi. Stúlkurnar voru fullvissar um að strippstaðir byðu upp á einkadans og bæði kynin tengdu klám við vændi. Báðum kynjum fannst aðgengi að klámi á netinu vera alltof auðvelt og nefndu títt sprettiglugga (e. *popups*). Þeim fannst klámi í raun troðið upp á sig gegn vilja þeirra og án þess að þau væru að sækja í það og flest voru þau sammála um að þau hefðu engan áhuga á klámi. Þau höfðu áhyggjur af því að börn lentu óvart í því að sjá klám þannig og það væri erfitt að verja þau gegn því áreiti.

Það má því segja að hugmyndir og viðhorf unglunganna til útbreiðslu og aðgengi kláms styðji við Russell (1993), Paul (2005) og Guðbjörgu Hildi Kolbeins (2006) sem telja að aðgengi og útbreiðsla kláms hafi aukist til muna á síðustu áratugum. Fram hefur komið að um 70% karlmanna á aldrinum 18-24 ára fara á klámsíður á netinu á mánuði. Í þessum aldurshópi er að finna um fjórðung allra þeirra sem heimsækja klámsíður á netinu, en næststærsti hópur neytenda kláms eru karlmenn á þrítugs- og fertugsaldri og eru 66% í þeim hópi sem eru reglulegir notendur kláms.

## Hverjir fyrir hverja?

Þegar spurt er að því hverjir séu neytendur kláms og framleiðendur eru allir krakkarnir sammála um að það séu að mestum hluta til karlmenn. Þó sjá þau fyrir sér að einstaka kona geti verið að baki framleiðslu og að sumar konur og pör séu mögulega neytendur líka. Almennt telja stúlkurnar að konur hafi engan áhuga á klámi og horfi ekki á það og strákar sögðu að þær væru frekar hneykslaðar á því. Þau töldu öll að stúlkur töluðu allavega minna um það ef þær horfðu á það. Stúlkurnar sögðu að það væru aðallega graðnaglar, unglingsstrákar að drepast úr hormónum, piparsveinar, fráskildir menn, menn sem eiga sér ekkert líf, sveittir



gamlir karlar og gamlir perrar sem horfðu á klám. Stúlkunum fannst óhugsandi að fjölskyldufeður eða afar þeirra væru í hópi neytenda og þær nefndu að þeim fyndist óþægileg tilhugsun að vinir þeirra eða nánir ættingjar væru að horfa á klám. Strákarnir skilgreindu það ekki eins ítarlega hverjir væru neytendur kláms, en ljóst var að þeir töldu það vera karlmenn í meirihluta frekar en konur.

Pegar rætt var um leikara og bakgrunn þeirra var ljóst að unglungarnir töldu að margir væru að taka þátt í þessu eingöngu peninganna vegna og það gæti oft verið vegna neyðar. Þau sögðust viss um að sumir væru jafnvel teknir inn í þennan bransa nauðugir og tengdu þennan heim við dópneyslu. Jafnframt kom fram að þetta væri ekki starf sem fólk segði foreldrum sínum eða ömmu frá með stolti. Flestir töldu að það væri hugsanlega eitthvað að hjá fólki sem léki í svona myndum, það væri eitthvað öðruvísi eða skrítið sem gæti tengst uppeldisaðstæðum eða misnotkun. Þessar hugmyndir stemma við þær dæmisögur sem nefndar voru í fræðikaflanum þar sem karlleikari segist hafa orðið vitni að nauðgunum á tókustað klámmynda, þar sem líka er greint frá Lindu Lovelace sem lýsir sinni þátttöku í klámbransanum sem nauðgun og kúgun frá upphafi til enda og Angel Kelly sem sagðist hafa verið misnotuð af föður sínum á barnsaldri.

Allir unglungarnir voru meðvituð um að þetta væri iðnaður sem velti miklum peningum og að sumir sem væru frægir í þessum bransa væru mjög ríkir. Í umræðunni um leikarana var áberandi hversu mikið það snerist um konurnar en ekki karlana, og að neyðin var tengd konum frekar en körlum. Hugmyndir unglunganna um neytendur kláms kemur heim og saman við þær rannsóknir sem sagt er frá í fræðikaflanum, þar sem þær sýna að karlmenn eru í miklum meirihluta neytenda (Paul, 2005).

## Áhrif og afleiðingar

Hvað varðar hugmyndir unglunganna um þau áhrif sem klám getur haft á neytendur þess og hvernig það myndi birtast í samskiptum og samfélaginu þá virðast þau öll sjá að það hafi áhrif á samskipti kynjanna og viðhorf karla til kvenna vegna þeirrar hlutgervingar sem á sér stað. Bæði kynin komust að niðurstöðu um að líklega hefði klám áhrif á marga þætti samfélagsins og nefndu hluti eins og viðhorf karlmanna til

kvenna, hlutgervingu, sambönd, klæðaburð, valdatengsl og ofbeldi. Þau áhrif sem stúlkurnar ræddu umfram þessi atriði voru sjálfsmynd, átraskanir og jafnrétti.

Unglingarnir ræddu öll um að konur og kynlíf væri hlutgert í klámi og það hefði mjög líklega áhrif á viðhorf karla til kvenna sem gæti skilað sér inn í sambönd sem og almennt viðhorf. Einnig töluðu þau um klám í fjölmiðlum, tónlistarmyndböndum og auglýsingum sem hefðu áhrif á sjálfsmynd, klæðaburð og staðalímyndir. Öll sáu þau afgerandi valdatengsl í kláminu þar sem karlinn er alltaf ofar konunni og hún í þjónustuhlutverki og hlutur sem má gera hvað sem er við, jafnvel beita ofbeldi. Þau töldu slíkt geta ýtt undir það viðhorf til kvenna almennt og einnig töldu þau það gæti skilað sér í ofbeldi og nauðgunum. Stúlkurnar töluðu meira um jafnréttismál í þessu samhengi og töldu að þetta gæti haft áhrif á þau vegna þess að viðhorfin til karla og kvenna séu skekkt. Þær komu inn á launamál kynjanna því öll samskipti og birtingamyndir kynjanna væru þannig að karlinn sé meiri, eigi meiri pening, fari í vel launuð störf og konur séu til sýnis fyrir þá og þær verði þar af leiðandi undir þeim og minna virði. Þær töldu að jafnrétti gæti mögulega náðst með konu sem forsætisráðherra.

Í fræðikaflanum má sjá að Russell og Paul fjalla einnig um hversu mikil áhrif klámið hefur á viðhorf karla til kvenna og segja það ýta undir ofbeldi á konum og nauðganir. Þessu gera unglingarnir sér grein fyrir, jafnvel þau yngri sem ekki virtust hafa séð mikið af því telja að klám gefi ranghugmyndir um kynlíf og geti stuðlað að því að karlmenn beiti konur ofbeldi líkt og þeir sjá í kláminu. Það kemur heim og saman við það orsakasamband sem Russell talar svo mikið um, þar sem hún segir að við áhorf á klámi verði fullnæging og viðhorf karla skilyrt og tengt ofbeldi sem gerir það að verkum að viðhorf til nauðgana og ofbeldis breytast. Við áhorf á klámi aukast líkurnar á að karlmenn vilji nauðga konu um helming og hlutfall karla sem horfir á slíkt myndefni og segist geta hugsað sér að nauðga konu ef þeir kæmust upp með það er 50-60%.

Paul bendir á að áhrif kláms á karlmenn eru margs konar. Það þarf ekki áhorf á mjög gróft klám til þess að það hafi áhrif á hvernig karlmenn líti á konur. Hún vitnar meðal annars í Brooks sem bendir á að neysla á svokölluðu *ljósbláu* (e. *softcore*) klámefni leiði það af sér að karlmenn leggi meiri áherslu á hið sjónræna og lýti þá

fyrst á fremst á konur sem hluti. Paul bendir einmitt á að karlmönnum er kennt að þeir þurfi sjónræna örvun. Þessi skilyrðing getur þar af leiðandi haft áhrif á hvernig karlmönnum tekst að eiga samskipti við konur og tengjast þeim sem tilfinningaverur. Kynlíf verður að einhverju sem er hægt að stunda án tilfinninga. Klám leggur áherslu á hið líkamlega og í leiðinni horfir það framhjá eða gerir lítið úr öðrum eiginleikum kvenna. Kona er bókstaflega smættuð í líkamshluta og kynhegðun.

Í eldri strákahópnum var rætt um að ef að strákur væri að byrja í sambandi og það kæmi í ljós að hann horfði mikið á klám, þá töldu sumir strákarnir að það gæti haft neikvæð áhrif sambandið. Unglingarnir í blandaða hópnum nefndu nokkur dæmi þar sem strákar sýndu ákveðna hegðun í samskiptum við stelpur, sem þeim fannst tengjast klámvæðingu. Þar á meðal voru opinskáar athugasemdir um útlit og hvernig þeir væru til í að „taka þessa.“ Stelpurnar lýstu einnig hvernig sumir strákar í þeirra umhverfi tala um að stunda kynlíf án tilfinninga. Einnig lýsa unglungarnir því hvernig sumir strákar reyna að uppfylla vissa kröfur með því að sýna vissa hegðun. Strákarnir tala um hvernig það virðist vera að strákar eigi að horfa á klám og að tala um það. Í blandaða hópnum nefna þau dæmi um strák sem er mjög hávær um að hafa sofið hjá hinni og þessari stelpu og svo framvegis, en þegar var rætt við hann í rólegheitum kom í ljós að þetta var bara í kjaftinum á honum. Einnig nefndu þau dæmi um strák sem talaði opinskátt um að hann væri á móti klámi. Þær yfirlýsingar fengu ekki jákvæð viðbrögð hjá öðrum strákum og hann kallaður ýmsum neikvæðum nöfnum.

Paul talar um það á nokkrum stöðum að það er mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif klám getur haft á karlmenn. Hún bendir á að klámnotkun hefur einnig áhrif á sjálfsmat karlmannna sem neyta þess. Hlutgervingin hefur einnig áhrif á þá. Flestir karlmenn eiga erfitt með að uppfylla þá ímynd sem ríkir í klámi. Þeir eru líklegri til að hafa áhyggjur af frammistöðu sinni, líkamlegu útliti sínu og hvort að þeir sofi hjá nægilega mörgum konum. Paul bendir á að í klámi er ekki bara skortur á raunverulegum konum, heldur einnig á raunverulegum karlmönnum.

## Fræðsla

Íslensku unglungarnir í þessari rannsókn telja klám ekki hafa mikið fræðslugildi þar sem þau telja það gefa svo miklar ranghugmyndir af kynlífi. Þau telja þó að margir geti gert greinarmun á klámi og kynlífi en hafa þó áhyggjur af þeim sem ekki gera það. Viðhorf unglunganna til fræðslugildis kláms er því ekki í samræmi við þá rannsókn sem Paul (2005) greinir frá hér að framan þar sem meirihluti (86%) fólks taldi klám hafa eitthvert fræðslu- eða upplýsingagildi. Unglingarnir gera sér þó kannski ekki grein fyrir að klámið hafi yfirleitt áhrif á alla þá sem á það horfa og kannski sé ekki auðvelt fyrir fólk að gera þennan greinarmun sem þau vonast til að fólk geri. En samkvæmt Paul (2005) virðist sem jafnvel klámefni án ofbeldis hafi greinilega neikvæð áhrif á flesta neytendur ef marka má yfirgripsmikið yfirlit rannsókna sem hún vitnar í. Þar segir að 70% prósent þeirra komist að þeirri niðurstöðu að ljósblátt (e. *softcore*) klámefni hafi neikvæð áhrif á neytendur þess vegna þess að það kenni karlmönnum að horfa á konur sem hluti í stað þess að eiga í sambandi við þær eins og manneskjur og persónur.

Unglingarnir gera sér þó fulla grein fyrir hlutgervingunni sem klámið veldur og telja það hafa víðtæk áhrif á viðhorf til kvenna. Fram kom að þau telja að áhrifa kláms gæti meðal annars í samskiptum kynjanna (bæði persónulegum og ópersónulegum), útlitskröfum, klæðaburði, viðhorfum og kröfum til kynlífs.

Unglingarnir eru sammála því að það vanti mikið upp á kynfræðslu hér á landi. Þau segja að það mætti leggja meiri áherslu á kynlífsfræðslu í staðinn fyrir líffærafræðslu í kynfræðslu í skólum. Þau töluðu um að það mætti nota svokallaða lífsleiknistíma mun betur og þá væri tilvalið að fá utanaðkomandi sérfaðinga til að ræða við þau um kynlíf. Þau töldu það ekki ganga upp að láta kennarana sem fyrir eru fara yfir svona efni. Það væri auðveldara fyrir krakkana að spyrja um og vera hreinskilin við utanaðkomandi sérfræðing. Unglingarnir í eldri hópnum töluðu um að þau hafi alltaf grætt mjög mikið á því þegar þau hafa fengið slíka fræðslu og töluðu mjög jákvætt um konu sem hafði komið nokkrum sinnum í skóla þeirra og félagsmiðstöðvar. Lagði hún áherslu á að tala við krakkana og fá þau til að hugsa um þessa hluti og vera meðvituð um sig og sitt val. Þau sögðust hafa kunnað vel að meta hennar umfjöllun og sögðu það hafi virkað mjög vel á alla.

Það kom meðal annars fram hjá stelpunum að þær ræða ekki mikið um kynlíf við foreldra sína og voru þær líklegri til að leita til vina sinna þegar þær þurftu að tala um kynlíf og aðra tengda hluti. Einnig töluðu yngri stelpurnar um að það væri nauðsynlegt að fræða börn og unglunga um kynlíf. Töldu þær að það myndi hjálpa til við að draga úr að unglingar sæktu í klám af forvitini eða til að leita upplýsinga. Í blandaða hópnum var talað um að sumir strákar álíta klám leið til þess að læra um kynlíf og í flestum tilvikum er það skortur á fræðslu sem leiðir til þess sumir unglingar telji sig þurfa að sækja í klám til að læra um kynlíf. Eins og kynfræðslu er háttáð í dag virðist það vera aðhlátursefni hjá strákunum.

Í fræðilega hlutanum var vitnað í ýmsar rannsóknir sem sýna fram á mikilvægi fræðslu. Með auknu aðgengi að klámi er jafnvel talin vera meiri þörf á fræðslu nú en nokkurn tíma áður. Sørensen telur mikilvægt að fræðsla um kynlíf og klám haldi áfram að hafa sitt hlutverk í menntakerfinu. Í skýrslunni *Youth, Pornography and the Internet* er talað um mikilvægi þess að fræða unglunga betur og meira, í ljósi þess mikla flæði upplýsinga sem hefur komið í kjölfar netsins. Paul talar um að það sé mjög áberandi viðhorf að klám sé mikilvægt innlegg í kynlífsfræðslu og umræðu. Hún vísar meðal annars í rannsókn Cowen-Campbell frá 1995 þar sem 60% unglingsstráka segjast hafa lært eitthvað eða mikið af klámi. Paul lýsir því hvernig klám getur haft áhrif á kynveru unglunga þegar hún er í mótun. Klám getur einnig haft áhrif á hvernig einstaklingar koma að samskiptum við hitt kynið. Í gegnum klám fái þau mívísandi upplýsingar um kynlíf, hvað það felur í sér og hvað ekki. Þess vegna telur hún það mjög mikilvægt að skoða hvar og hvernig unglingar fái kynfræðslu. Hún veltir fyrir sér hvort unglingar séu að fá nægilegt mótvægi við það áreiti sem þeir verða fyrir í gegnum klám og klámvædda miðla og telur mikilvægt að veita unglingum kynfræðslu sem hjálpi þeim að setja klám í samhengi og gefi þeim tækifæri til að veita og meta það sem þau sjá og heyra. Klámiðnaðurinn og vaxandi áhrif netsins gera það að verkum að það er ekki spurning um hvort að unglingar komist í kynni við klám, heldur frekar hvenær og hversu mikið.

Af þeim lýsingum sem hafa komið fram hér að ofan, bæði frá unglungunum og í gegnum þau fræði sem vitnað er í, virðist fræðsla vera mjög mikilvæg. Hvernig sem

litið er á það, þá er víst að þekking og vitund sé leið til þess að vega á móti því áreiti sem unglingar verða fyrir. Fræðsla er leið til þess að gefa unglingum verkfæri til að vinna úr þeim upplýsingum sem þau fá frá umhverfi sínu. Með fræðslu eru þau líklegri til að geta skilgreint sjálf hvað klám er og hvað ekki. Slík þekking gæti hjálpað unglingum sem eru að móta kynveru sína til að taka afstöðu, velja og meta. Þau eru með því líklegri til að taka sjálfstæðari ákvarðanir í tengslum við kynlíf. Einnig getur slík fræðsla hjálpað þeim að byggja upp jákvætt sjálfsmat, þar sem þau læra að meta sig og líkama sinn á sínum forsendum. Aukin og ítarlegri kynfræðsla í skólum, bæði fyrir börn og foreldra, gæti hjálpað stúlkum og drengjum að velja jákvæðar fyrirmyndir og styrkja sig. Með því að leggja áherslu á umræðu og þekkingu væri hægt að efla vitund þeirra um áhrif og afleiðingar kláms. Mikilvægt er að taka tillit til beggja kynja og skoða hvers konar fræðslu bæði kynin þurfa. Eins og fram hefur komið eru neikvæðu áhrifin af klámi alvarleg fyrir bæði kynin og er því mikilvægt að öll fræðsla gefi unglingum af báðum kynjum tækifæri til þess að greina, skilja og tjá sig um þessi mál.

## Heimildaskrá

*Almenn hegningarlög* nr. 19/1940. Kafli XXII, gr. 210.

Campbell, B. M. (1990). A portrait of Angel: The life of a porn star. Í D. Russell (Ritsstj.), *Making violence sexy: Feminist views on pornography* (bls. 32-36). New York: Teachers College Press.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006). *Eru allir krakkar á kafi í klámi?* Erindi flutt í Háskóla Íslands þann 19. október 2006. Erindi er í vörslu höfundar.

Kvale, S. (1996). Ethical issues in interview inquiries. 6. kafli í *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*, (Bls. 109-123). Thousand Oaks, CA: Sage.

Levy, A. (2005). *Female Chauvinist Pigs: Women and the Rise of Raunch Culture*. London: Pocket Books.

Linz, D. og Yang, N. (1990). Movie Ratings and the Content of Adult Videos: The Sex-Violence Ratio. *Journal of Communication*, 40(2), bls. 28-42.

National Research Council (2002). *Youth, Pornography and the Internet: Can We Provide Sound Choices in a Safe Environment?* London: National Academy Press .

*Morgunblaðið* (2006, 8. október). „Kvikmyndin Deep Throat“. Á vef Morgunblaðsins.

Morrison, T. G., Bearden, A., Harriman, R., Morrison, M. A., Ellis, S. R. (2004). Correlates of exposure to sexually explicit material among Canadian post-secondary students. *The Canadian Journal of Human Sexuality*, 13(3), bls. 143-157.

Paul, P. (2005). *Pornified: How Pornography is Damaging Our Lives, Our Relationships, and our Families*. New York: Owl Books.

Russell, D. (1988). Pornography and rape: A causal model. *Political Psychology*, 9(1), bls. 41-73.

Russell, D. (Ritstj.). (1993). *Making violence sexy: Feminist views on pornography*. New York: Teachers College Press.

Sigríður Ingvarsdóttir, Bragi Guðbrandsson, Erna Hauksdóttir, Karl Steinar Valsson, Lára Björnsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Þórólfur Þórlindsson. (2002). *Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneyti.

Steinem, G. (1980). Erotica and pornography: A clear and present difference. Í D. Russell (Ritstj.), *Making violence sexy: Feminist views on pornography* (bls. 23-31). New York: Teachers College Press.

Stoltenberg. (1990). Pornography and freedom. Í D. Russell (Ritstj.), *Making violence sexy: Feminist views on pornography* (bls. 65-77). New York: Teachers College Press.

Sørensen, A.D. (2003). The mainstreaming of pornography in mass culture. *NIKK Workshop on Pornographication in Tallinn 2003*.

Taylor, S. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods. A guidebook and resource*. (3. Útgáfa). New York: John Wiley and Sons.